



# Nemar á Menntavísindasviði haustið 2020

Höfundar:  
Amalía Björnsdóttir  
Þuríður Jóna Jóhannsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

© Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóna Jóhannsdóttir  
Október 2021 Nemar á Menntavísindasviði haustið 2020  
Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

ISBN: 978-9935-9625-0-8

## Inngangur

Á síðustu árum hafa höfundar lagt kannanir fyrir hópa stúdenta á Menntavísindasviði. Haustið 2020 var lögð fyrir könnun sem ætluð var öllum stúdentum á sviðinu. Þátttakendur voru inntir eftir bakgrunni sínum, hvort þeir væru í stað- eða fjarnámi og hvort þeir væru í launaðri vinnu, en sérstök áhersla var á áhrif COVID-19 á nám og líðan stúdenta. Könnunin var rafræn og var krækju í hana dreift í gegnum nemendafélög á sviðinu auk þess sem kennarar kynntu hana fyrir sínum stúdentahópum.

Við þökkum forsvarsmönnum nemendafélaga og kennurum við Menntavísindasvið fyrir aðstoðina. Sérstakar þakkir fá þátttakendur sem gáfu sér tíma til að svara spurningalistunum.

## Helstu niðurstöður

Alls tóku 885 þátt í könnuninni og dreifðust þátttakendur á flestallar námsleiðir á Menntavísindasviði (MVS). Í skýrslunni eru niðurstöður eru birtar fyrir hópinn í heild en einnig fyrir tiltekna hópa svo sem út frá námsleiðum og námsformi.

Konur voru 82% þátttakenda og voru þær í meirihluta á öllum námsleiðum sem skoðaðar voru sérstaklega, nema í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði. Um þriðjungur þátttakenda var 25 ára eða yngri og 31% 36 ára eða eldri. Í grunnnámi voru 82% íþrótt- og heilsufræðinema, 57% tómsundafræðinema og 55% grunnskólafræðinema 25 ára eða yngri, en aðeins 23% leikskólakennaranema og 36% þroskaþjálfanema. Meira en fjórðungur stúdenta í grunnnámi í leikskólakennarafræði og þroskaþjálfarafræði var 36 ára eða eldri. Um þrjú af hverjum fjórum þátttakendum bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og var hlutfallið hæst í grunnnámi í tómsundafræði, 84%, en lægst í grunnnámi í leikskólakennarafræði, 54%.

Einn af hverjum tíu þátttakendum hafði flutt á höfuðborgarsvæðið af öðrum svæðum á Íslandi eftir að viðkomandi hóf nám á Menntavísindasviði. Um fjórðungur stúdenta í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði hafði flutt á höfuðborgarsvæðið en hlutfallið var lægra hjá öðrum hópum.

Nýnemar voru spurðir um starfsreynslu tengda sínu fagi. Athygli vakti hversu miklu fleiri leikskólakennaranemar en grunnskólakennaranemar höfðu öðlast reynslu af vettvangi áður en þeir hófu námið. Meira en helmingur stúdenta í íþrótt- og heilsufræði, tómsundafræði og þroskaþjálfarafræði hafði einhverja reynslu af vettvangi í störfum tengdum sínu fagi.

Innan við fimmtungur þátttakenda tók námslán og flestir stúdentar unnu með námi, en 77% þeirra voru í launuðu starfi og ríflega þriðjungur vann meira en 30 klst. á viku. Stúdentar í meistaranámi unnu meira en stúdentar í grunnnámi. Í grunnnámi vann til að mynda 61% leikskólakennaranema meira en 30 klst. á viku, 26% þroskaþjálfanema unnu þetta mikið en aðeins 4% nema í íþrótt- og heilsufræði.

Um þriðjungur þátttakenda hafði áhyggjur af fjárhagslegri getu sinni til að stunda námið og 40% sögðu fjárhagsáhyggjur hafa aukist á tímum COVID-19. Tveir af hverjum þremur voru í hjónabandi eða sambúð. Hlutfallslega flestir einhleypir voru í hópi stúdenta í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði, 43%, en aðeins 10% í grunnnámi í þroskaþjálfarafræði, svo dæmi séu nefnd. Um 43% þátttakenda voru með börn á heimili sínu en hlutfallið var misjafnt eftir námsleiðum, þannig voru 11% grunnnema í íþrótt- og heilsufræði með börn á heimilinu, 63% í leikskólakennarafræði og 55% í þroskaþjálfarafræði.

Fjórðungur þátttakenda átti móður sem ekki hafði lokið frekara námi en grunnskólaprófi en 38% átti móður sem lokið hafði háskólaprófi. Mæður grunnnema í tómsundafræði og íþrótt- og heilsufræði eru líklegri til að hafa lokið háskólaprófi en mæður grunnnema í leikskólakennara- og þroskaþjálfarafræðum. Meðal grunnnema eiga sömuleiðis hlutfallslega flestir í tómsundafræði og íþrótt- og heilsufræði föður með háskólamenntun en hlutfallslega fæstir í leikskólakennarafræði og þroskaþjálfarafræði.

Þátttakendur höfðu verra næði og aðstöðu til að sinna náminu í samkomubanni á tímum COVID-19 en áður. Fyrir faraldurinn höfðu 86% góða vinnuaðstöðu en 57% eftir að

faraldurinn skall á. Næði var einnig minna. Það var gott hjá 81% fyrir faraldurinn en ríflega helmingur sagðist hafa haft gott næði á tímum samkomubanns. Um 41% þátttakenda sagðist hafa haft minni tíma til að sinna náminu en fyrri skólaár en meiri tíma höfðu 28% þátttakenda.

Þó fáir hafi talið að COVID-19 yrði til þess að þeir hættu námi var talsvert hærra hlutfall, eða um fjórðungur, sem taldi mjög eða frekar líklegt að COVID-19 myndi seinka námi þeirra. Þegar spurt var um þætti sem hefðu neikvæð áhrif á nám þátttakenda sögðust 58% þátttakenda hafa fundið fyrir neikvæðum áhrifum af COVID-19 á nám sitt. Aðeins kvíði hafði neikvæð áhrif á hlutfallslega fleiri þátttakendur, en 59% sögðu hann hafa haft frekar mikil, mikil eða mjög mikil neikvæð áhrif á námið. Kvíði virtist frekar hafa áhrif á stúdenta í grunnnámi en í meistaranámi. Álag vegna vinnu hafði neikvæð áhrif á nám 42% þátttakenda og var hlutfallið hærra hjá grunnnemum í leikskólakennarafræði og þroskaþjálfarafræði en öðrum grunnnemum. Svipað hlutfall, eða 38%, fann fyrir neikvæðum áhrifum af skyldum vegna fjölskyldu og 30% vegna námsörðugleika. Yfir helmingur nema í grunnnámi í tómsundafræði sagði námsörðugleika hafa neikvæð áhrif á námið, en þar var hlutfallið hæst.

Þátttakendur voru komnir mislangt í námi sínu. Ríflega helmingur var nýnemar í því námi sem þeir stunduðu þegar þeir svöruðu spurningakönnuninni en reikna má með að sumir þeirra sem voru í framhaldsnámi hafi áður verið í grunnnámi við HÍ. Innan við helmingur þátttakenda ætlaði að vera í staðnámi áður en samkomutakmarkanir voru settar á. Hlutfall staðnema var breytilegt eftir námsleiðum, þannig er t.d. íþrótt- og heilsufræði einungis í boði í staðnámi. Á námsleiðum þar sem stúdentar eru eldri eru fleiri í fjarnámi, t.d. ætluðu aðeins 16% leikskólakennaranema að vera í staðnámi en hinir í fjarnámi eða blönduðu námi.

Tveir þriðju hlutar þátttakenda ætluðu að vera í fullu námi, voru skráðir í 26 einingar eða meira. Þátttakendur í meistaranámi voru síður í fullu námi en stúdentar í grunnnámi. Í grunnnámi voru um og yfir 75% þátttakenda í fullu námi en eina undantekningin var tómsundafræði þar sem rétt innan við 60% voru í fullu námi. Ríflega fjórðungur þátttakenda notaði 31 klst. eða meira í námið á viku, sem ætti að vera lágmark fyrir stúdenta í fullu námi, en 46% notuðu 20 klst. eða minna.

Spurt var sérstaklega um áhrif COVID-19 á vinnu við lokaverkefni og vettvangsnám. Um 7% þátttakenda voru að vinna að lokaverkefni og hafði um helmingur þeirra lent í einhverjum vandræðum vegna COVID-19. Lokun bókasafna truflaði heimildaöflun og skerti aðgang að vinnuaðstöðu. Minni tengsl voru við leiðbeinendur, samkomutakmarkanir töfðu gagnasöfnun og meira álag var heima við að sinna börnum vegna mjög skertra skóladaga.

Ríflega þriðjungur þátttakenda átti að vera í vettvangsnámi haustið 2020. Hjá tveimur þriðju hlutum þátttakenda hafði COVID-19 haft mjög mikil áhrif á vettvangsnám. Vettvangsnám grunnskólakennaranema féll stundum niður og fram kom bæði ánægja og óánægja með það sem skipulagt var í staðinn. Sumum þótti nauðsynlegt að bæta kennaranemum það upp að þeir misstu af vettvangsnámi á þessu misseri. Leikskólakennaranemar voru oft í vettvangsnámi á eigin vinnustað en höfðu þá minna svigrúm til að sinna því vegna anna í leikskólanum. Vettvangsnám leikskólakennaranema í grunnnámi féll oft niður og þeim fannst að það hefði mátt minnka kröfur í verkefnum sem komu í staðinn.

Framhaldsskólakennaranemar lýsa því að áhorf, aðstoð og æfingakennsla hafi farið fram í fjarkefnslu og flestir telja að það hafi gengið vel og segja að það hafi verið „áhugaverð reynsla að kenna rafrænt og vera í áhorfi á netinu“.

Nokkrar spurningar sneru að fyrirkomulag kennslu. Í 63% námskeiða voru fastir vikulegir tímar í stundatöflu. Í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði, grunnskólakennarafræði og tómstundafræði voru fastir tímar vikulega í yfir 80% námskeiða en nokkuð misjafnt var eftir námsleiðum hvernig skipulagið var. Um 44% þátttakenda fannst það mjög mikilvægt að hafa fasta tíma í stundatöflu. Sumum þótti það þó mikilvægara en öðrum, t.d. 78% stúdenta í tómstundafræði og 60% í íþrótt- og heilsufræði en ríflega þriðjungur þátttakenda í leikskólakennarafræði og þroskaþjálfarafræði.

Spurt var um aðferðir í þeim námskeiðum sem þátttakendur tóku. Í þremur af hverjum fjórum námskeiðum voru notaðar upptökur sem gerðar voru fyrir fram og fjarfundir þar sem kennari var til aðstoðar og/eða fram fóru umræður eða hópvinna. Kennsla með útsendingu í rauntíma var notuð í 68% námskeiða, í 45% námskeiða voru upptökur af kennslu í rauntíma og í fjórðungi var eitthvað kennt í skólabyggingu eða útikennslu.

Þá var spurt um ánægju með þessar aðferðir. Mest var ánægjan með upptökur sem gerðar voru fyrir fram (85%), þá með fjarfundi (80%), útsendingar í rauntíma (76%), kennslustundir í skólabyggingu eða útikennslu (62%) en minnst var ánægjan með upptökur af kennslu í rauntíma (55%).

Upptökur sem gerðar voru fyrir fram voru minnst notaðar í meistaranámi í grunnskólakennarafræði og grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði. Fjarfundir voru notaðir minnst í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði en þar var talsvert notuð kennsla með útsendingu í rauntíma, sem einnig var talsvert vinsæl í tómstundafræði. Kennsla í skólabyggingu eða útikennslu var mest notað í íþrótt- og heilsufræði og grunnnámi í grunnskólakennarafræði.

Um tveimur þriðju hlutum þátttakenda sem höfðu mætt í skólabyggingu eða útikennslu fannst það mikilvægt. Þeir þátttakendur sem ekkert höfðu verið í tímum í skólabyggingu eða útikennslu voru spurðir hvort þeir söknuðu þess að mæta og átti það um við rúmlega helming þeirra sem sögðust sakna þess mjög eða frekar mikið. Allir nemar í grunnnámi í tómstundafræði sem ekki höfðu fengið slíka kennslu söknuðu hennar mjög eða frekar mikið og 86% stúdenta í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði en annars staðar var hlutfallið lægra.

Þeir þátttakendur sem tóku að minnsta kosti tvö námskeið voru beðnir að svara sérstaklega um það námskeið sem þeir voru ánægðastir með. Meðaleinkunn fyrir skipulag, notkun á stafrænni tækni og kennslu í þeim námskeiðum sem þátttakendum þóttu best var 9,6. Námsmat í besta námskeiðinu fékk einkunnina 9,3 og sama meðaltal var fyrir námskeiðið í heild sinni.

Fastir tímar voru vikulega í 73% af þeim námskeiðum sem þóttu best en í 5% þeirra voru ekki fastir tímar í stundatöflu. Fjarfundir voru notaðir í 74% af þeim námskeiðum sem þóttu best og upptökur sem gerðar voru fyrir fram í 73% þeirra. Kennsla með útsendingu í rauntíma var

notuð í 59% tilfella, í 30% voru notaðar upptökur af kennslu í rauntíma og í innan við fjórðungi var boðið upp á kennslu í skólabyggingu eða útikennslu.

#### *Helstu kostir besta námskeiðsins*

Um 300 þátttakendur svöruðu opinni spurningu um besta námskeiðið og fannst flestum gott skipulag hafa skipt mestu máli svo og viðmót kennara: „áhugasamur kennari sem var til staðar fyrir spurningar um námið, líðan og annað“, og „einlægur áhugi á því að nemendur virkjuðu áhuga sinn og efldu færni sína í viðfangsefninu“. Stúdentum fannst gott að hafa fastar kennslustundir á netinu, fannst gott að hitta kennara og samnemendur reglulega. Fjölbreyttar kennsluáferðir þar sem nemar voru virkjaðir skiptu máli: „Skapandi kennsluáferðir og töluverð hópavinna nemenda í rauntíma, mikil samvinna og samtal á milli nemenda.“ Einnig gekk vel að hafa staðlotur fyrir fjarnema á netinu. Þeir nemar sem voru í vinnu kunnu að meta það þegar vikulegar kennslustundir á netinu voru í boði utan hefðbundins vinnutíma sem „hentaði mjög vel því það er algjört vesen að fá að fara úr vinnunni til að fara í tíma“. Mikilvægt þótti að álag væri jafnt og að námsmat byggðist á símati þar sem verkefni dreifðust jafnt yfir misserið.

Þátttakendur voru beðnir að svara sambærilegum spurningum um það námskeið sem þeir voru óánægðastir með og þeir höfðu svarað um það sem þeir voru ánægðastir með. Námskeiðin í heild sinni fengu 6,8 í einkunn og sama meðaltal var fyrir kennslu og námsmat. Skipulag fékk lægri einkunn, var með 6,4, en notkun á stafrænni tækni fékk 7,1.

Aðferðir sem voru notaðar í þessum námskeiðum voru upptökur sem gerðar voru fyrir fram í 59% námskeiða, kennsla með útsendingum í rauntíma í 41% tilfella, upptökur af kennslu í rauntíma í 23% námskeiða og fjarfundir þar sem kennari var til aðstoðar og fram fór hópvinna eða umræður voru notaðir í 55% námskeiða. Í 18% námskeiðanna var kennt í skólabyggingu eða útikennslu. Fastir tímar voru vikulega í stundatöflu í 59% tilfella í þeim námskeiðum sem þátttakendur voru óánægðastir með en í 16% tilfella voru aldrei fastir tímar í stundatöflu.

#### *Helstu gallar á versta námskeiðinu*

Rúmlega 330 stúdentar lögðu mat á versta námskeiðið. Flestir kvörtuðu yfir ruglingslegu skipulagi og að Canvas-vefur námskeiðs hefði verið illa uppsettur. „Verkefnalýsingar komu seint inn, breytingar á skiladögum og mikið fram og til baka hringl með verkefni.“ Varðandi kennara og kennslu er kvartað yfir að kennarar séu seinir með endurgjöf og séu lengi að svara tölvupósti, jafnvel að þeir sýni nemum hroka. Kvartað var yfir litlum gæðum kennslu og tilbreytingarleysi: „Engin umræða um námsefnið, lélegir fyrirlestrar“ og „Fyrirlestrar komu seint inn, léleg gæði í hljóði og tækni.“ Óánægja var með fyrirkomulag kennslustunda á netinu: „Allt of langir tímar!!! 4 klst er of langt á zoom. Oft nýttist tíminn heldur ekki vel.“ Nokkuð margir nefna líka að kennarar hafi verið í vandræðum með tæknina. Fram kom að námsmat hefði verið ósanngjarnt, próf og verkefni hefðu ekki verið í samræmi við kennslu. Mörgum þótti álag vera of mikið: „Alltof mörg verkefni og erfitt að ráða við þau undir þessum kringumstæðum með Covid og alltof mikið af hópverkefnum sem er einnig erfitt að kljást við þegar maður getur ekki hitt fólk.“ Margir lýstu óánægju með fyrirkomulag lokaprófs: „Ekki sátt með að lokaprófið verði staðpróf, það ýtir undir mikinn kvíða og óöryggi þar sem ég á fjölskyldumeðlimi í áhættuhópi.“

Almennt voru 84% þátttakenda mjög eða frekar sátt við þær stafrænu lausnir sem notaðar voru í náminu á tímum COVID-19. Kannski endurspeglast það í því að um 40% þátttakenda sögðust vera miklu eða frekar líklegri til að velja fjarnám eftir reynsluna af því í COVID-19. Ríflega tveir þriðju hlutar þátttakenda voru mjög ánægðir eða ánægðir með námið og svipað hlutfall var ánægt með kennsluna. Um 62% voru ánægð með samskipti við samnemendur og 65% voru ánægð með samskipti við kennara. Helmingur var ánægður með upplýsingar um námið og tæp 60% með námsmatið. Um þremur af hverjum fjórum þátttakendum fannst háskólinn hafa almennt brugðist mjög eða frekar vel við aðstæðum vegna COVID-19.

Þeir sem höfðu verið í háskólanámi skólaárið á undan voru beðnir um samanburð á náminu núna og áður. Um fjórðungi þátttakenda fannst námið haustið 2020 hafa verið betra en það háskólanám sem þeir höfðu stundað áður. Sérstaklega var þetta áberandi í þeim námsleiðum þar sem mikið var um fjarnema.

### Almennar athugasemdir í lokin

Alls svöruðu um 180 nemar opinni spurningu í lokin. Almennt voru svör staðnema og fjarnema áþekkt, en fjarnemar sem voru í kennslu eða annarri vinnu gerðu athugasemdir við að gert hefði verið ráð fyrir skyldumætingu í kennslustundir á netinu á vinnutíma. Flest af því sem kom fram í þessum svörum hafði komið fram áður, svo sem óánægja með lokapróf í skólahúsnæði. Í nokkrum svörum kom fram að óvissa hefði haft áhrif á geðheilsu nema og aukið kvíða og að haustmisserið 2020 hefði verið erfiðara en vormisserið, að þá hefði verið meira tillit tekið til þess að öll fjölskyldan væri meira heima og því minni tími til að læra í friði. Bent er á að bæta þurfi upplýsingagjöf til nýnema og að taka þyrfti meira tillit til eldri nema sem þurfi stuðning við að nota tæknina: „Í haust fór gríðarlegur tími og orka í að komast inn í vefumhverfið og hefði þurft miklu meiri aðstoð við það við eldri nýnema.“ En kennurum er líka hrósað fyrir að koma til móts við nemendur og sýna því skilning að breyttar aðstæður hafi áhrif á þá.

Fjarnemum fannst mörgum að kennsla og fyrirkomulag hefði verið betra en þeir höfðu kynnst áður : „Covid og breyttar aðstæður hafa eftir fjarnámið [...] og því auðveldara fyrir mig að sinna vinnunni og skólanum þar sem að allt efni er skipulega sett fram á netinu og ég get unnið flest á mínum eigin tíma.“ Fram kom sú skoðun að kennarar hefðu „tekið stórt skref fram á við og eru farnir að sjá kostina við fjarnámið og fjarnemana líka og möguleikana sem fjarnám býður upp á fyrir marga nemendur“. Óskað var eftir að þessi reynsla af framkvæmd fjarkennslu skilaði sér í framtíðinni í auknum möguleikum til að taka námið í fjarnámi án þess að þurfa að byggja á skyldumætingu í skólahúsnæði.



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Helstu niðurstöður .....	4
Efnisyfirlit .....	9
Skrá yfir myndir .....	10
Niðurstöður .....	13
Þátttaka eftir námsleiðum .....	13
Kyn, aldur og búseta .....	14
Fyrri starfsreynsla nýnema .....	18
Vinna með námi, námslán og áhyggjur af fjárhag .....	19
Hjúskaparstaða, börn, menntun foreldra og móðurmál .....	22
Vinnuaðstaða, tími og næði til náms .....	27
Þættir sem höfðu neikvæð áhrif á nám og áhrif COVID-19 .....	29
Námsform, einingar, fjöldi námskeiða og tími sem varið er í námið .....	34
Lokaverkefni og vettvangsnám .....	37
Fyrirkomulag kennslu .....	40
Besta námskeiðið sem þátttakendur voru í .....	47
Versta námskeiðið sem þátttakendur voru í .....	56
Mat stúdenta á náminu almennt .....	64
Almennar athugasemdir í lok könnunar .....	69

## Skrá yfir myndir

Mynd 1. Þátttakendur eftir námsbrautum. ....	13
Mynd 2. Fjöldi þátttakenda eftir námsbrautum – stærstu hóparnir.....	14
Mynd 3. Hlutfall kvenna af þátttakendum.....	14
Mynd 4. Aldur þátttakenda.....	15
Mynd 5. Búseta stúdenta.....	16
Mynd 6. Flutningur miðað við hvar var búið þegar nám var hafið á MVS.....	17
Mynd 7. Fyrri starfsreynsla nýnema á því sviði sem þeir eru að mennta sig til starfa á. ....	18
Mynd 8. Vinna með námi.....	19
Mynd 9. Hlutfall þátttakenda sem eru í fæðingarorlofi.....	20
Mynd 10. Hlutfall sem er á námslánnum haustið 2020.....	20
Mynd 11. Áhyggjur af fjárhagslegri getu til að stunda nám. ....	21
Mynd 12. Breytingar á fjárhagsáhyggjum vegna COVID-19. ....	21
Mynd 13. Hjúskaparstaða þátttakenda. ....	22
Mynd 14. Fjöldi barna undir 18 ára aldri á heimili þátttakenda.....	23
Mynd 15. Menntun móður/mæðra þátttakenda. ....	24
Mynd 16. Menntun föður/feðra þátttakenda. ....	25
Mynd 17. Íslenska móðurmál þátttakenda.....	26
Mynd 18. Íslenska móðurmál foreldra þátttakenda.....	26
Mynd 19. Hversu góð vinnuaðstaða var í samkomubanni. ....	27
Mynd 20. Hversu góð vinnuaðstaða er venjulega til að sinna náminu. ....	27
Mynd 21. Hversu gott næði til að læra í samkomubanninu.....	28
Mynd 22. Hversu gott næði hefur þú venjulega til að læra?.....	28
Mynd 23. Hvort hafa þátttakendur haft meiri eða minni tíma til að sinna náminu samanborið við fyrri skólaár?.....	29
Mynd 24. Neikvæð áhrif af skyldum vegna fjölskyldu á námið. ....	29
Mynd 25. Neikvæð áhrif af álagi vegna vinnu á námið. ....	30
Mynd 26. Neikvæð áhrif af kvíða á námið. ....	31
Mynd 27. Neikvæð áhrif af veikindum eða slysum á námið.....	31
Mynd 28. Neikvæð áhrif af námsörðugleikum á námið. ....	32
Mynd 29. Neikvæð áhrif af COVID-19 á námið.....	32
Mynd 30. Hversu líklegt er að þátttakandi hætti námi vegna COVID-19. ....	33
Mynd 31. Hversu líklegt er að þátttakanda seinki í námi vegna COVID-19.....	33
Mynd 32. Námsform, þ.e. hlutfall nema sem ætlaði að vera í fjarnámi, staðnámi eða blöndu af stað- og fjarnámi. ....	34
Mynd 33. Fjöldi eininga sem þátttakendur hafa lokið.....	35
Mynd 34. Fjöldi eininga sem þátttakendur eru skráðir í. ....	35
Mynd 35. Fjöldi námskeiða sem þátttakendur eru í.....	36
Mynd 36. Allur tími sem notaður er í námið á viku. ....	36
Mynd 37. Þátttakendur sem eru að vinna að lokaverkefni. ....	37
Mynd 38. Þátttakendur sem áttu að vera í vettvangsnámi. ....	38
Mynd 39. Hversu mikil áhrif COVID-19 hafði á vettvangsnámið. ....	38
Mynd 40. Fastir tímar í stundatöflu í námskeiðum. ....	40
Mynd 41. Hversu mikilvægt er að hafa fasta tíma í stundatöflu? ....	41


Mynd 42. Hlutfall námskeiða þar sem notaðar voru upptökur sem gerðar voru fyrir fram. ...	41
Mynd 43. Hlutfall námskeiða þar sem notuð var kennsla með útsendingu í rauntíma. ....	42
Mynd 44. Hlutfall námskeiða þar sem upptökur af kennslu í rauntíma voru notaðar. ....	42
Mynd 45. Hlutfall námskeiða þar sem notaðir voru fjarfundir á netinu þar sem kennari aðstoðaði, umræður eða hópvinna. ....	43
Mynd 46. Hlutfall námskeiða þar sem kennt var í skólabyggingu eða útikennslu. ....	43
Mynd 47. Hversu mikið þátttakendur söknuðu þess að mæta í skólabyggingu eða útikennslu. ....	44
Mynd 48. Hversu mikilvægt að mæta í kennslustundir í skólabyggingu. ....	44
Mynd 49. Ánægja með upptökur sem gerðar voru fyrir fram. ....	45
Mynd 50. Ánægja með kennslu með útsendingu í rauntíma. ....	45
Mynd 51. Ánægja með upptökur af kennslu í rauntíma. ....	46
Mynd 52. Ánægja með fjarfundi á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður voru eða hópvinna. ....	46
Mynd 53. Ánægja með kennslustundir í skólabyggingu eða í útikennslu. ....	47
Mynd 54. Skipulag besta námskeiðsins. ....	48
Mynd 55. Kennsla besta námskeiðið. ....	48
Mynd 56. Notkun á stafrænni tækni besta námskeiðið. ....	49
Mynd 57. Námsmat í besta námskeiðinu. ....	49
Mynd 58. Námskeiðið í heild sinni. ....	50
Mynd 59. Notkun á upptökum sem gerðar voru fyrir fram á námskeiðum sem talin voru best. ....	51
Mynd 60. Notkun kennslu með útsendingu í rauntíma á námskeiðum sem talin voru best. ....	51
Mynd 61. Notkun á upptökum af kennslu í rauntíma á námskeiðum sem talin voru best. ....	52
Mynd 62. Notkun á fjarfundum á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður voru eða hópvinna á námskeiðum sem talin voru best. ....	52
Mynd 63. Notkun á kennslustundum í skólabyggingu eða í útikennslu á námskeiðum sem talin voru best. ....	53
Mynd 64. Fastir tímar í stundatöflu í námskeiðum sem þóttu best. ....	53
Mynd 65. Einkunn fyrir skipulag á námskeiðum sem þóttu verst. ....	56
Mynd 66. Einkunn fyrir kennslu í námskeiðum sem þóttu verst. ....	56
Mynd 67. Einkunn fyrir notkun á starfrænni tækni á námskeiðum sem þóttu verst. ....	57
Mynd 68. Einkunn fyrir námsmat á námskeiðum sem þóttu verst. ....	57
Mynd 69. Einkunn fyrir námskeiðið í heild sinni – námskeið sem þóttu verst. ....	58
Mynd 70. Notkun á upptökum sem gerðar voru fyrir fram á námskeiðum sem þóttu verst. ....	58
Mynd 71. Notkun á kennslu með útsendingum í rauntíma á námskeiðum sem þóttu verst. ....	59
Mynd 72. Notkun á upptökum af kennslu í rauntíma á neti eða í kennslustofu á námskeiðum sem þóttu verst. ....	59
Mynd 73. Notkun á fjarfundum á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður og hópvinna á námskeiðum sem þóttu verst. ....	60
Mynd 74. Notkun á kennslustundum í skólabyggingu eða útikennslu í námskeiðum sem þóttu verst. ....	60
Mynd 75. Fastir tímar í stundatöflu í námskeiðinu sem stúdentar töldu verst. ....	61
Mynd 76. Hversu sáttur er þátttakandi almennt við þær starfrænu lausnir sem voru notaðar? ....	64
Mynd 77. Eftir reynslu af fjarnámi á tímum COVID-19, hvort ertu líklegri eða ólíklegri til að velja fjarnám? ....	65

Mynd 78. Ánægja með námið í heild sinni. ....	65
Mynd 79. Ánægja með kennsluna. ....	66
Mynd 80. Ánægja með samskipti við samnemendur. ....	66
Mynd 81. Ánægja með samskipti við kennara.....	67
Mynd 82. Ánægja með upplýsingar um námið.....	67
Mynd 83. Ánægja með námsmatið.....	68
Mynd 84. Hversu vel háskólinn hafi almennt brugðist við aðstæðum vegna COVID-19.....	68
Mynd 85. Var námið haustið 2020 betra eða verra en fyrra háskólanám?.....	69

## Niðurstöður


### Þátttaka eftir námsleiðum

Alls tóku 885 þátt í könnuninni af 2.952 stúdentum sem skráðir voru til náms á Menntavísindasviði haustið 2020. Skiptingu þeirra á námsleiðir má sjá á mynd 1.



Mynd 1. Þátttakendur eftir námsbrautum.


Stúdentar dreifast víða. Til að mynda er grunnskólakennaranám í þremur deildum, deild heilsueflingar, íþróttta og tómstunda (HÍT), deild faggreinakennslu (FAG) og deild kennslu- og menntunarfræði (KME).



Mynd 2. Fjöldi þátttakenda eftir námsbrautum – stærstu hóparnir.


Ákveðið var að búa til aðra flokkun þar sem sett var saman skylt nám og teknir út þeir hópar sem stærstir eru eða hópar sem veita ákveðin starfsréttindi, sjá nánar mynd 2. Verða þeir flokkar notaðir í samanburði á hópum þar sem talin er þörf á slíkum samanburði. Einnig verða birtar niðurstöður fyrir alla þátttakendur.

### Kyn, aldur og búseta




Mynd 3. Hlutfall kvenna af þátttakendum.

Mikil meirihluti þátttakenda var konur, eða 82%. Eins og sést á mynd 3 var nokkuð mismunandi eftir námsleiðum hvert hlutfall kvenna var. Það var lægst í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði, 47%, en hæst í meistaranámi í leikskólakennarafræði (sjá nánar mynd 3).



Mynd 4. Aldur þátttakenda.


Á mynd 4 sést að um þriðjungur þátttakenda var 25 ára eða yngri og 31% var 36 ára eða eldri. Ef horft er á stúdenta í grunnnámi þá voru 82% íþrótt- og heilsufræðinema, 57% tómstundafræðinema, 55% grunnskólafræðinema og 54% uppeldis- og menntunarfræðinema 25 ára eða yngri. En aðeins 23% leikskólakennaranema og 36% proskapjálfanema voru þetta ung. Meira en fjórðungur stúdenta í grunnnámi í leikskólakennarafræði og proskapjálfafræði voru 36 ára eða eldri.



Mynd 5. Búseta stúðenta.

Um þrjár af hverjum fjórum þátttakendum sögðust búa á höfuðborgarsvæðinu. Hæst var hlutfallið 84% í grúnnnámi í tómstundafræði en lægst í grúnnnámi í leikskólakennarafræði, 54%, sjá nánar mynd 5.






Mynd 6. Flutningur miðað við hvar var búíð þegar nám var hafið á MVS.

Um 10% þátttakenda höfðu flutt á höfuðborgarsvæðið af öðrum svæðum á Íslandi en tæp 4% höfðu flutt frá útlöndum á höfuðborgarsvæðið frá því að þeir hófu nám á MVS. Algengast var að stúdentar í íþróttta- og heilsufræði hefðu flutt á höfuðborgarsvæðið af öðrum svæðum á Íslandi og átti það við um 23% þeirra sem voru í grunnnámi, en einnig höfðu 20% stúdenta í uppeldis- og menntunarfræði flutt á höfuðborgarsvæðið utan af landi. Sjá nánar mynd 6.


## Fyrri starfsreynsla nýnema



Mynd 7. Fyrri starfsreynsla nýnema á því sviði sem þeir eru að mennta sig til starfa á.


Nýnemar voru spurðir hvort þeir hefðu starfsreynslu af því sviði sem þeir voru að mennta sig á og má sjá svör á mynd 7. Áberandi er hversu margir sem hefja leikskólakennaranám hafa unnið í leikskóla og meira en helmingur var með meira en fimm ára starfsreynslu. Miklu minna er um að stúdentar í grunnskólakennaranámi hafi unnið í grunnskóla áður en þeir hefja grunnskólakennaranám. Meira en tveir af hverjum þremur stúdentum í íþrótta- og heilsufræði, tómstundafræði og þroskaþjálfufræði höfðu reynslu af starfi tengdu náminu áður en þeir hófu það.

## Vinna með námi, námslán og áhyggjur af fjárhag




Mynd 8. Vinna með námi.

Mikill meirihluti þátttakenda, eða 77%, var að vinna með námi og 37% unnu meira en 30 klst. á viku, sjá nánar mynd 8. Af þeim sem ekki voru að vinna sögðust 23% ekki hafa fengið vinnu. Mismunandi var eftir námsleiðum hversu mikið stúdentar voru að vinna með námi, eins og sjá má á myndinni. Í grunnnámi vann 61% leikskólakennaranema meira en 30 klst. á viku, 26% þroskajálfanema unnu þetta mikið en aðeins 4% nema í íþrótt- og heilsufræði, þar sem hlutfallið var lægst. Stúdentar í meistaránámi unnu meira en stúdentar í grunnnámi; þannig vann yfir helmingur þeirra sem voru í grunnskólakennaranámi og 81% þeirra sem voru í leikskólakennaranámi meira en 30 klst. á viku.




Mynd 9. Hlutfall þátttakenda sem eru í fæðingarorlofi.

Á mynd 9 sést að 3% þátttakenda voru í fæðingarorlofi á haustmisseri. Hlutfallið var hæst meðal stúdenta í grunnnámi í leikskólakennarafræði, 9%, en enginn grunnnemi í íþrótt- og heilsufræði eða meistaránemi í leikskólakennarafræði var í fæðingarorlofi.




Mynd 10. Hlutfall sem er á námslánum haustið 2020.

Um 18% þátttakenda tóku námslán, sjá mynd 10. Algengast var að þátttakendur í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði og meistaránámi í grunnskólakennarafræði eftir BA- eða BS-próf tækju námslán. En aðeins 5% stúdenta í grunnnámi í leikskólakennarafræði og 4% nema í meistaránámi í grunnskólakennarafræði eftir B.Ed.-gráðu tóku námslán.



Mynd 11. Áhyggjur af fjárhagslegri getu til að stunda nám.

Um 13% þátttakenda höfðu mjög miklar áhyggjur og 21% frekar miklar áhyggjur af fjárhagslegri getu sinni til að sinna náminu (sjá mynd 11). Af stúdentum í grunnnámi höfðu þeir í tómstundafræði minnstar áhyggjur en stúdentar í uppeldis- og menntunarfræði mestar áhyggjur. Tilhneiging virtist vera í þá átt að stúdentar í meistaránámi hefðu minni áhyggjur af fjárhagslegri getu sinni til að sinna náminu en stúdentar í grunnnámi.




Mynd 12. Breytingar á fjárhagsáhyggjum vegna COVID-19.

Á mynd 12 sést að um 40% þátttakenda sögðu að fjárhagsáhyggjur hefðu aukist vegna COVID-19. Þær höfðu síður aukist hjá stúdentum í meistaranámi, en aukist mest hjá stúdentum í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði og þroskaþjálfarafræði.


### Hjúskaparstaða, börn, menntun foreldra og móðurmál

Nokkrar spurningar snerust um bakgrunn þátttakenda, meðal annars um hjúskaparstöðu, fjölda barna og menntun foreldra.




Mynd 13. Hjúskaparstaða þátttakenda.

Um fjórðungur þátttakenda var einhleypur og 65% voru í hjónabandi eða sambúð, sjá mynd 15. Flestir einhleypir voru í hópi stúdentna í grunnnámi í íþróttta- og heilsufræði, 43%, en fæstir, 10%, í grunnnámi í þroskaþjálfarafræði og grunnskólakennarafræði eftir BA- eða BS-gráðu. Sjá nánar mynd 13.



Mynd 14. Fjöldi barna undir 18 ára aldri á heimili þátttakenda.


Um 43% þátttakenda voru með börn á heimili sínu og 57% voru barnlaus, sjá mynd 14. Hlutfallið var misjafnt eftir námsleiðum. Þannig eru 89% grunnema í íþróttá- og heilsufræði barnlaus en 37% í leikskólakennarafræði og 45% í proskafjálfafræði. Eins og við var að búast voru meistaraneimar frekar með börn á heimili sínu, þannig var meira en helmingur stúdenta í grunnskólakennaranámi eftir BA- eða BS-gráðu og 43% meistaraneima í leikskólakennarafræði með tvö börn eða fleiri á heimilinu.



Mynd 15. Menntun móður/mæðra þátttakenda.


Fjórðungur þátttakenda átti móður sem ekki hafði lokið frekara námi en grunnskólaprófi en 38% áttu móður sem lokið hafði háskólaprófi. Af stúdendum í grunnnámi áttu 30% leikskólakennaranema og 32% þroskaþjálfanema móður sem lokið hafði háskólaprófi en um og yfir helmingur stúdenta í tómstundafræði og íþróttá- og heilsufræði, sjá nánar mynd 15.






Mynd 16. Menntun föður/feðra þátttakenda.

Ríflega fjórðungur þátttakenda átti föður sem lokið hafði háskólaprófi en 44% áttu föður sem lokið hafði starfs- eða iðnnámi. Meðal grunnema áttu hlutfallslega flestir í tómstundafræði og íþróttá- og heilsufræði föður með háskólamenntun en hlutfallslega fæstir í leikskólakennarafræði og þroskaþjálfufræði, eins og gildi um menntun móður. Sjá nánar mynd 16.



Mynd 17. Íslenska móðurmál þátttakanda.


94% allra þátttakenda áttu íslensku að móðurmáli. Eins og sést á mynd 17 var hlutfallið rétt undir 90% í leikskólakennarafræði, bæði grunnnámi og meistaránámi.



Mynd 18. Íslenska móðurmál foreldra þátttakenda.


Móðurmál foreldra þátttakenda var í langflestum tilfellum íslenska. Þannig sagði 91% þátttakenda að íslenska væri móðurmál beggja foreldra og 4% til viðbótar að íslenska væri móðurmál annars foreldris.

## Vinnuaðstaða, tími og næði til náms




Mynd 19. Hversu góð vinnuaðstaða var í samkomubanni.

Um 57% þátttakenda sögðu vinnuaðstöðu til að sinna námi hafa verið góða eða mjög góða meðan á samkomubanninu stóð en 18% sögðu hana hafa verið mjög eða frekar slæma. Stúdentar í grunnnámi í þroskaþjálfarafræði og tómstundafræði voru helst á því að aðstaðan hefði verið slæm, eða 29 og 32% þeirra. Sjá mynd 19.




Mynd 20. Hversu góð vinnuaðstaða er venjulega til að sinna náminu.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvernig vinnuaðstaðan væri venjulega og þá sögðu 86% að hún væri venjulega mjög eða frekar góð, sem er talsvert hærra hlutfall en sagði hana hafa verið góða í samkomubanninu, sjá nánar mynd 20.




Mynd 21. Hversu gott næði til að læra í samkomubanninu.

Ríflega helmingur þátttakenda sagðist hafa haft gott næði til að læra í samkomubanninu en fjórðungur sagði það hafa verið slæmt. Eins og varðandi vinnuaðstöðu voru það stúdentar í tómstundafræði og þroskaþjálfarafræði sem helst sögðu næði ekki hafa verið nógu gott, sjá mynd 21.



Mynd 22. Hversu gott næði hefur þú venjulega til að læra?


Eins og sést á mynd 22 sagðist 81% venjulega hafa mjög eða frekar gott næði til að læra, sem var talsvert hærra hlutfall en í samkomubanninu.



Mynd 23. Hvort hafa þátttakendur haft meiri eða minni tíma til að sinna náminu samanborið við fyrri skólaár?


Um 41% þátttakenda sagðist hafa haft minni tíma til að sinna náminu en fyrri skólaár, en þessari spurningu svöruðu þeir sem höfðu verið í háskólanámi árið áður. Þeir sem höfðu haft meiri tíma voru 28% þátttakenda. Yfir helmingur stúdenta í grunnnámi í íþróttta- og heilsufræði sagðist hafa haft meiri tíma fyrir námið. Sjá nánar mynd 23.

### Þættir sem höfðu neikvæð áhrif á nám og áhrif COVID-19




Mynd 24. Neikvæð áhrif af skyldum vegna fjölskyldu á námið.

Þegar spurt var um neikvæði áhrif á námið vegna skyldna við fjölskyldu sögðu 38% þau hafa verið frekar mikil, mikil eða mjög mikil. Skyldur þessar virtust hafa meiri áhrif meðal meistaranema en grunnnema, enda voru þeir eldri og fleiri með börn. Nemar í grunnnámi í þroskaþjálfarafræði, uppeldis- og menntunarafræði og leikskólakennarafræði fundu frekar fyrir þessum neikvæðu áhrifum en aðrir stúdentar í grunnnámi. Sjá einnig mynd 24.




Mynd 25. Neikvæð áhrif af álagi vegna vinnu á námið.

Spurt var á sama hátt um neikvæð áhrif á námið vegna álags af vinnu og fundu 42% fyrir neikvæðum áhrifum, sjá mynd 25. Meðal stúdentar í grunnnámi var hlutfallið hæst í leikskólakennarafræði, en þar fundu 59% fyrir neikvæðum áhrifum og 57% stúdentar í þroskaþjálfarafræði. Um og yfir helmingur meistaranema í leikskólakennara- og grunnskólakennarafræði fundu fyrir neikvæðum áhrifum vegna álags af vinnu.



Mynd 26. Neikvæð áhrif af kvíða á námið.


Meira en helmingur þátttakenda, eða 59%, fann fyrir neikvæðum áhrifum kvíða á námið. Kvíði var heldur minni hjá stúdentum í meistaranámi en í grunnnámi. Í grunnnámi fundu 83% stúdentar í uppeldis- og menntunarfræði fyrir neikvæðum áhrifum kvíða. Þar var hlutfallið hæst en lægst var það í íþróttá- og heilsufræði, 54%. Sjá nánar mynd 26.



Mynd 27. Neikvæð áhrif af veikindum eða slysum á námið.


Lítið var um neikvæði áhrif veikinda og slysa á námið en 16% sögðu slíkt hafa haft neikvæð áhrif. Það voru helst stúdentar í grunnnámi í tómstundafræði og proskapjálfafræði og

meistaraneinar í grunnskólakennarafræði eftir B.Ed. sem fundu fyrir neikvæðum áhrifum veikinda og slysa, sjá mynd 27.



Mynd 28. Neikvæð áhrif af námsörðugleikum á námið.


Námsörðugleikar höfðu haft neikvæð áhrif á nám 30% þátttakenda. Áhrifin voru meiri hjá stúdentum í grunnnámi en í meistaránámi. Mest neikvæð áhrif voru hjá stúdentum í grunnnámi í tómstundafræði (53%), uppeldis- og menntunarfræði (44%) og leikskólakennarafræði (43%). Sjá mynd 28.



Mynd 29. Neikvæð áhrif af COVID-19 á námið.




Meira en helmingur, eða 58% þátttakenda, hafði fundið fyrir neikvæðum áhrifum af COVID-19 á nám sitt, eins og sjá má mynd 29. Áhrifin virðast hafa verið meiri á þátttakendur í grunnnámi en í meistaranámi. Þannig höfðu 74% stúdenta í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði, 70% í leikskólakennarafræði og 69% í grunnskólakennarafræði fundið fyrir neikvæðum áhrifum.



Mynd 30. Hversu líklegt er að þátttakandi hætti námi vegna COVID-19.


Innan við 10% þátttakenda töldu það mjög eða frekar líklegt að þeir hættu námi vegna COVID-19. Hlutfallið var aðeins hærra hjá stúdentum í grunnnámi í íþróttta- og heilsufræði (16%) og tómstundafræði (14%). Sjá mynd 30.



Mynd 31. Hversu líklegt er að þátttakanda seinki í námi vegna COVID-19.


Þó fáir hafi talið að COVID-19 yrði til þess að þeir hættu námi var talsvert hærra hlutfall, eða um fjórðungur, sem taldi mjög eða frekar líklegt að COVID-19 myndi seinka náminu (sjá mynd 31). Þannig svaraði til að mynda um þriðjungur stúdenta í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði og tómstundafræði og ríflega fjórðungur grunnnema í uppeldis- og menntunarfræði. Hjá öðrum hópum var þetta hlutfall lægra.

Námsform, einingar, fjöldi námskeiða og tími sem varið er í námið




Mynd 32. Námsform, þ.e. hlutfall nema sem ætlaði að vera í fjarnámi, staðnámi eða blöndu af stað- og fjarnámi.

Innan við helmingur þátttakenda sagðist hafa ætlað að vera í staðnámi haustið 2020. Flestir ætluðu að vera í staðnámi í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði, 99%, og 81% í tómstundafræði. Íþrótt- og heilsufræði er eingöngu í boði sem staðnám og í tómstundafræði er eingöngu boðið upp á staðnám á fyrsta námsárinu. Hins vegar ætluðu 16% leikskólakennaranema og 39% þroskajálfanema í grunnnámi að vera í staðnámi, sjá nánar mynd 32.




Mynd 33. Fjöldi eininga sem þátttakendur hafa lokið.

Þátttakendur voru inntir eftir því hversu mörgum einingum þeir hefðu lokið í því námi sem þeir væru í núna og má sjá niðurstöður á mynd 33. Hlutfall þeirra sem lokið höfðu 30 einingum eða færri var 52%, en gera má ráð fyrir að það hafi í flestum tilfellum verið nýnemar. Þannig virtust 78% þátttakenda í íþróttta- og heilsufræði sem svo svöruðu vera nýnemar en hlutfallið var lægra á öðrum námsleiðum í grunnnámi.




Mynd 34. Fjöldi eininga sem þátttakendur eru skráðir í.

Um 65% þátttakenda voru skráðir í 26 einingar eða meira, sem samsvarar fullu námi, eins og sjá má á mynd 34. Þátttakendur í meistaranámi voru síður í fullu námi en stúdentar í grunnnámi. Í grunnnámi voru yfir 75% þátttakenda í fullu námi en eina undantekningin var tómstundafræði, þar sem rétt innan við 60% voru í fullu námi.



Mynd 35. Fjöldi námskeiða sem þátttakendur eru í.


Nokkuð mismunandi var í hversu mörgum námskeiðum þátttakendur voru á haustmisseri 2020. Ríflega helmingur þátttakenda var í þremur til fjórum námskeiðum. Áberandi var að stúdentar í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði voru í mörgum námskeiðum, en 68% þeirra voru í sex námskeiðum. Þetta er eina námsleiðin þar sem stúdentar voru skráðir í svo mörg námskeið, sjá nánar mynd 35.



Mynd 36. Allur tími sem notaður er í námi á viku.

Ríflega fjórðungur þátttakenda sagðist nota 31 klst. eða meira í námið á viku en 46% sögðust nota 20 klst. eða minna. Stúdentar í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði (36%) og leikskólakennarafræði (30%) voru líklegastir til að nota yfir 30 klst. á viku í námið en stúdentar í meistaranámi í leikskólakennarafræði ólíklegastir (15%). Um helmingur stúdenta í grunnnámi í grunnskólakennarafræði og tólmstundafræði sagðist nota minna en 21 klst. á viku í námið og sama á við um 58% leikskólakennaranema á meistarastigi og yfir 40% meistaranema í grunnskólakennarafræði.

### Lokaverkefni og vettvangsnám



Mynd 37. Þátttakendur sem eru að vinna að lokaverkefni.


Um 7% allra þátttakenda voru að vinna að lokaverkefni og hafði um helmingur þeirra lent í einhverjum vandræðum vegna COVID-19. Tæplega 30 stúdentar svöruðu opinni spurningu þar sem lýst var vandræðum vegna vinnu við lokaverkefni. Þar af voru 16 sem snerust um meistaraverkefni, sjö um doktorsverkefni og þrjár um bakkalárverkefni. Meistaraneimar og grunnnemar nefndu að það hefði komið sér illa að bókasöfn voru lokuð, því að það hefði truflað heimildaöflun og aðgang að vinnuáðstöðu. Nefnt var að minni tengsl en ella hefðu verið við leiðbeinendur og að samkomutakmarkanir hefðu tafið gagnasöfnun og nokkrir nefndu að álag vegna barna sem voru heima hefði tekið sinn toll.

Menntaskólastrákarnir mínir þurftu og þurfa mikla aðstoð við að halda áfram og klára sitt nám. Covid-19 hefur farið illa í þá andlega. Þeir eru 18 og 20 ára og sá eldri þarf mikla hvatningu og í raun mikið aðhald en hann er engu síður að reyna að halda áfram og ég aðstoða hann. Sá yngri þarf líka utanumhald, svo ritgerðin mín er á hillunni.

Fram kemur að fyrir þá nema sem voru við kennslu hafði álag aukist á tímum COVID-19.


Vinnan var aukin við mig eftir að aðgerðir voru hertar, ég þurfti að endurskipuleggja mikið af náminu fyrir krakkana og að taka við kennslu í árgangi sem ég hafði ekki áður komið að.

Doktorsnemarnir lýstu sambærilegum erfiðleikum og sögðu að aukinn kvíði og álag við að sinna börnum vegna mjög skertra skóladaga hefði tafið vinnu við doktorsverkefnið. En auk þess nefndu doktorsnemar að dvöl erlendis, samstarf við erlenda rannsakendur og námskeið við erlenda háskóla hefði allt verið í uppnámi og flóknara hefði verið að sækja um styrki.



Mynd 38. Þátttakendur sem áttu að vera í vettvangsnámi.

Ríflega þriðjungur þátttakenda átti að vera í vettvangsnámi haustið 2020. Um og yfir helmingur grunnnema í grunnskólakennaranámi átti að vera í vettvangsnámi og 81% þátttakenda í meistaranámi í grunnskólafræði eftir BA- eða BS-próf. Hlutfallið var lægra í öðrum hópum, sjá mynd 39.



Mynd 39. Hversu mikil áhrif COVID-19 hafði á vettvangsnámið.

Hjá tveimur þriðju hlutum þátttakenda sem áttu að vera í vettvangsnámi hafði COVID-19 haft mjög mikil áhrif á vettvangsnámið. Áhrif voru mjög mikil á meirihluta þátttakenda á öllum námsleiðum nema í tómstundafræði og meistaranámi í grunnskólakennarafræði eftir B.Ed.-gráðu. Sjá nánar mynd 39.

Í opinni spurningu gátu þátttakendur komið með ábendingar um vettvangsnámið. Um 30 stúdentar í grunnnámi svöruðu, 60 meistaranemar og 11 í diplómunámi í Menntun framhaldsskólakennara. Flest voru svörin frá stúdentum í grunnnámi, þar af tæp 20 frá grunnskólakennaranemum. Þrír sögðu að vettvangsnám þeirra hefði fallið niður og þremur fannst það hafa gengið vel þó að þeir hefðu ekki getað farið í skóla. Aðrir lýstu óánægju með það sem skipulagt var í staðinn fyrir vettvangsnám í skóla og sögðu að betra hefði verið að sleppa því. Í tveimur svörum óskuðu kennaranemar að þeir hefðu fengið að taka vettvangsnám í skólanum þar sem þeir voru að kenna og voru óánægðir með verkefni sem þeir áttu að gera í stað vettvangsnámsins.

Það er ekki hægt að kalla þetta vettvangsnám þar sem að vettvangurinn var enginn, heldur var þetta klukkutíma viðtal við hóp kennara. Ekki það sama og fara í viku vettvangsnám og upplifa kennslu í rauntíma.


25 meistaranemar í grunnskólakennarafræði svöruðu spurningunni og þar af sagði tæplega helmingur að vettvangsnámið hefði fallið niður á haustmisseri og lýsti óánægju með það, þar sem það væri „svo mikilvægur partur af náminu“. Nokkrir stúdentar nefndu að í stað vettvangsnáms hefðu þeir átt að vinna verkefni tengt vettvangi og sumir gagnrýndu hvernig því var háttað. Fram kom að nauðsynlegt væri að bæta kennaranemum það upp að þeir hefðu misst af vettvangsnámi á þessu misseri. Fjórir sögðust hafa verið í launuðu vettvangsnámi í grunnskóla en að vegna COVID-19 hefðu þeir ekki haft tækifæri til að vinna með öðrum kennurum eins og ráð hefði verið fyrir gert.

Átta grunnnemar í leikskólakennarafræði svöruðu spurningunni og flestir lýstu því að vettvangsnámið hefði verið fellt niður en misjafnar skoðanir voru á því hvort verkefni tengt vettvangi sem sett var inn í staðinn hefði verið gott eða ekki og kvartað var yfir ónógum upplýsingum um það verkefni. Átta leikskólakennaranemar í meistaranámi svöruðu spurningunni og helmingur þeirra var í vettvangsnámi á eigin vinnustað þannig að COVID-19 kom ekki í veg fyrir það, en: „Minna svigrúm en ég hefði óskað fékkst því miður til að sinna því, vegna anna í leikskólanum.“ Tveir segja að það hafi fallið niður og einn nefnir að það hefði mátt minnka kröfur í verkefnum sem komu í staðinn.

11 nemar í Menntun framhaldsskólakennara svöruðu til um það hvernig farsóttin hefði haft áhrif á vettvangsnám þeirra. Næstum allir lýstu því að vettvangsnámið, þ.e. áhorf, aðstoð og æfingakennsla, hefði farið fram í fjarkennslu og flestir töldu að það hefði gengið vel og sögðu að það hefði verið „áhugaverð reynsla að kenna rafrænt og vera í áhorfi á netinu“. Nefnt var að þó að þetta hefði „gengið mjög vel miðað við aðstæður hefði verið gagnlegra að fá að kenna bekknum í persónu“. Einum fannst að það hefði mátt slaka á kröfum og fækka tímum í æfingakennslu við þessar aðstæður.

Svör nema af öðrum námsleiðum voru innan við fimm og er því ekki gerð grein fyrir þeim sérstaklega, en þau lýsa því flest að vettvangsnám hafi fallið niður. Tveir segja að það hafi farið fram á netinu.


### Fyrirkomulag kennslu



Mynd 40. Fastir tímar í stundatöflu í námskeiðum.


Þátttakendur voru spurðir hvort fastir tímar væru í stundatöflu í þeim námskeiðum sem þeir voru í. Í um 63% námskeiða voru fastir tímar vikulega og í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði, grunnskólakennarafræði og tómstundafræði voru fastir tímar vikulega í yfir 80% námskeiða. Eitthvað var um að þátttakendur segðu að það hefðu aldrei verið fastir tímar í stundatöflu og átti það við um 22% námskeiða í proskapjálfafræði og 11% námskeiða í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði og meistararnámi í grunnskólakennarafræði eftir BA- eða BS-gráðu. Sjá nánar mynd 40.





Mynd 41. Hversu mikilvægt er að hafa fasta tíma í stundatöflu?


Þátttakendur voru spurðir hversu mikilvægt þeim hefði þótt að hafa fasta tíma í stundatöflu, sjá mynd 41. Um 44% fannst það mjög mikilvægt en munur var talsverður eftir hópum. Í grunnnámi fannst t.d. 78% stúdenta í tómstundafræði og 60% í íþrótt- og heilsufræði að þetta hefði verið mjög mikilvægt en aðeins 35% í leikskólakennarafræði og 36% í þroskaþjálfarafræði. Meistaránemum fannst þetta síður mikilvægt en stúdentum í grunnnámi.



Mynd 42. Hlutfall námskeiða þar sem notaðar voru upptökur sem gerðar voru fyrir fram.


Í 76% námskeiða sem þátttakendur tóku voru notaðar upptökur sem gerðar voru fyrir fram, sjá mynd 42. Í nánast öllum námskeiðum í grunnnámi í þroskaþjálfarafræði voru notaðar slíkar upptökur og yfir 85% námskeiða í grunnnámi í grunnskólakennarafræði, leikskólakennarafræði og uppeldis- og menntunarfræði. Í um 70% námskeiða sem stúdentar

Í meistaranámi í grunnskólakennarafræði og grunnnámi í íþróttá- og heilsufræði tóku voru slíkar upptökur notaðar, en á þessum námsleiðum var hlutfallið lægst.



Mynd 43. Hlutfall námskeiða þar sem notuð var kennsla með útsendingu í rauntíma.


Kennsla með útsendingu í rauntíma var notuð í 68% námskeiða sem þátttakendur tóku. Slíkt var minnst notað í grunnnámi í þroskajálfafræði (42%) og meistaranámi í leikskólakennarafræði (52%) en mest notað í grunnnámi í tómstundafræði (77%) og íþróttá- og heilsufræði (75%), sjá mynd 43.



Mynd 44. Hlutfall námskeiða þar sem upptökur af kennslu í rauntíma voru notaðar.


Í innan við helmingi námskeiða voru notaðar upptökur af kennslu í rauntíma. Slíkt var sjaldgæft í grunnnámi í þroskajálfafræði (23%) og meistaranámi í leikskólakennarafræði

(29%) en mest notað í meistaranámi í grunnskólakennarafræði eftir B.Ed.-gráðu (61%). Sjá nánar mynd 44.




Mynd 45. Hlutfall námskeiða þar sem notaðir voru fjarfundir á netinu þar sem kennari aðstoðaði, umræður eða hópvinna.

Fjarfundir þar sem kennari aðstoðaði eða fram fóru umræður eða hópvinna voru notaðir í 75% námskeiða. Minnst var um slíkt í grunnnámi í íþróttá- og heilsufræði (61%) en mest var þetta notaði í námskeiðum hjá stúdentum í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði (88%) og meistaranámi í leikskólakennarafræði (87%). Sjá mynd 45.




Mynd 46. Hlutfall námskeiða þar sem kennt var í skólabyggingu eða útikennslu.

Í fjórðungi námskeiða var eitthvað kennt í skólabyggingu eða útikennslu. Þetta var algengast í grunnnámi í íþróttá- og heilsufræði (43%), grunnskólakennarafræði (37%) og tómstundafræði (36%) en minna notað á öðrum námsleiðum, sjá mynd 46.




Mynd 47. Hversu mikið þátttakendur söknuðu þess að mæta í skólabyggingu eða útikennslu.

Þeir þátttakendur sem ekkert höfðu verið í tímum í skólabyggingu eða útikennslu voru spurðir hversu mikið þeir söknuðu þess og má sjá niðurstöður á mynd 47. Allir nemar í grunnnámi í tómstundafræði sem ekki höfðu fengið slíka kennslu söknuðu hennar og 86% stúdenta í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði, en annars staðar var hlutfallið lægra, t.d. 26% í meistaránámi í leikskólakennarafræði og 46% í grunnnámi í sömu fræðum.




Mynd 48. Hversu mikilvægt að mæta í kennslustundir í skólabyggingu.

Þeir þátttakendur sem höfðu mætt í tíma í skólabyggingu eða útikennslu voru spurðir hversu mikilvægt þeim hefði þótt það að mæta, og þótti 65% það mjög eða frekar mikilvægt. Það hlutfall var hæst í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði, 91%, og leikskólakennarafræði, 73%. Lægst var hlutfallið í meistaránámi í grunnskólakennarafræði og grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði. Sjá mynd 48.



Mynd 49. Ánægja með upptökur sem gerðar voru fyrir fram.


Mikil ánægja var með upptökur sem gerðar voru fyrir fram og voru 85% þátttakenda mjög eða frekar ánægð með þær. Mest var ánægjan í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði, 94%, og 96% í meistaránámi í leikskólakennarafræði, en minnst í meistaránámi í grunnskólakennarafræði eftir BA- eða BS-gráðu en þar var hún þó 74%. Sjá mynd 49.



Mynd 50. Ánægja með kennslu með útsendingu í rauntíma.


Um þrjú fjórðu hlutar þátttakenda sem höfðu reynslu af kennslu með útsendingu í rauntíma voru mjög ánægðir með þær. Yfir 80% voru ánægð með þessa aðferð í meistaránámi í

grunnskólakennarafræði og íþróttta og heilsufræði, en þar var þessi ánægja mest, sjá nánar mynd 50.




Mynd 51. Ánægja með upptökur af kennslu í rauntíma.

Talsvert minni ánægja var með upptökur af kennslu í rauntíma en þær aðferðir sem spurt var um hér að framan. Þó voru 56% mjög eða frekar ánægð með þetta fyrirkomulag. Um og yfir 60% voru ánægð með þessar upptökur í grunnnámi í íþróttta- og heilsufræði og í meistaránámi í grunnskólakennarafræði.



Mynd 52. Ánægja með fjarfundi á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður voru eða hópvinna.

Yfir 80% þátttakenda voru mjög eða frekar ánægð með fjarfundi þar sem kennari var til aðstoðar eða þar sem fóru fram umræður eða hópvinna, sjá mynd 52. Hlutfall ánægðra er yfir 70% á öllum námsleiðum nema meistaranámi í grunnskólakennarafræði eftir BA- eða BS-gráðu, en þar er það 67%.




Mynd 53. Ánægja með kennslustundir í skólabyggingu eða í útikennslu.

Um 62% þátttakenda voru mjög eða frekar ánægð með kennslustundir í skólabyggingu eða útikennslu. Viðhorfin voru þó nokkuð ólík eftir námsleiðum. Í meistaranámi voru þannig allir leikskólakennaranemar ánægðir með þetta fyrirkomulag en aðeins 38% stúdenta í grunnskólakennarafræði eftir BA- eða BS-próf. Í grunnnámi voru 82% stúdenta í íþrótt- og heilsufræði og 64% í uppeldis- og menntunarfræði ánægð en þar voru hlutföllin hæst. Lægst voru þau hjá grunnnemum í grunnskólakennarafræði og þroskaþjálfarafræði, í kringum 55%.


### Besta námskeiðið sem þátttakendur voru í

Þeir þátttakendur sem tóku að minnsta kosti tvö námskeið voru beðnir að svara sérstaklega um það námskeið sem þeir voru ánægðastir og óánægðastir með og byrjum við á að skoða niðurstöður fyrir það námskeið sem þeir töldu best.



Mynd 54. Skipulag besta námskeiðsins.


Meðaleinkunn fyrir skipulag í þeim námskeiðum sem þátttakendum þóttu best var 9,6. Hæst var hún í grunnnámi í grunnskólakennarafræði, 10, en lægst, 8,9, í tómstundafræði, sjá nánar mynd 54.



Mynd 55. Kennsla besta námskeiðið.


Kennsla í besta námskeiðinu fékk 9,6 í einkunn hjá öllum þátttakendum. Hæst var gefið fyrir kennslu í proskapjálfafræði, 9,9, en lægst í tómstundafræði, 9,2. Sjá mynd 55.






Mynd 56. Notkun á stafrænni tækni besta námskeiðið.

Fyrir notkun á stafrænni tækni var einkunnin 9,6 hjá öllum þátttakendum. Hæst var gefið 9,8 á þremur námsleiðum en lægst 9,1, í tómstundafræði. Sjá mynd 56.




Mynd 57. Námsmat í besta námskeiðinu.

Námsmati í besta námskeiðinu var gefin meðaleinkunnin 9,3. Hæst var þetta metið 9,7, í þroskaþjálfarafræði og meistaranámi í leikskólakennarafræði, en lægst 8,9, í grunnnámi í uppeldis- og menntunarafræði. Sjá mynd 57.




Mynd 58. Námskeiðið í heild sinni.

Besta námskeiðið fékk í heild sinni 9,6 í einkunn. Lægstu einkunn, 9,3, fengu námskeið sem stúdentar í uppeldis- og menntunarafræði og meistaranámi í grunnskólakennarafræði eftir BA- eða BS-próf voru í. Hæsta einkunnin, 9,9, var gefin námskeiðum sem stúdentar í þroskaþjálfarafræði voru í. Sjá mynd 58.




Mynd 59. Notkun á upptökum sem gerðar voru fyrir fram á námskeiðum sem talin voru best.

Upptökur sem gerðar voru fyrir fram voru notaðar í 73% námskeiða sem þátttakendur töldu best. Minnst var um þetta í íþróttá- og heilsufræði (58%) en mest var þetta notað í grunnnámi í grunnskólakennarafræði; þar voru slíkar upptökur notaðar í 88% tilfella. Sjá mynd 59.




Mynd 60. Notkun kennslu með útsendingu í rauntíma á námskeiðum sem talin voru best.

Kennsla með útsendingu í rauntíma var notuð í 59% tilfella í bestu námskeiðunum. Þetta var algengast í íþróttá- og heilsufræði, 73%, og tómstundafræði, 69%, en minnst notaði í þroskaþjálfufræði, 41%.




Mynd 61. Notkun á upptökum af kennslu í rauntíma á námskeiðum sem talin voru best.

Í 30% tilfella voru notaðar upptökur af kennslu í rauntíma í þeim námskeiðum sem þóttu best. Þetta var algengast í tómstundafræði og meistaránámi í grunnskólakennarafræði eftir B.Ed. próf en þar var þetta nýtt í tæplega helmingi tilfella. Sjá mynd 61.




Mynd 62. Notkun á fjarfundum á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður voru eða hópvinna á námskeiðum sem talin voru best.

Fjarfundir voru notaðir í 74% námskeiða sem þóttu best. Voru slíkar upptökur vinsælar á flestum námsleiðum en síst þó í meistaránámi í grunnskólakennarafræði, sjá nánar mynd 62.



Mynd 63. Notkun á kennslustundum í skólabyggingu eða í útikennslu á námskeiðum sem talin voru best.

Í innan við fjórðungi þeirra námskeiða sem þóttu best var kennsla í skólabyggingu eða útikennslu. Hlutfallið var lágt alls staðar nema í íþrótt- og heilsufræði, 61%, og tómstundafræði, 57%.



Mynd 64. Fastir tímar í stundatöflu í námskeiðum sem þóttu best.

Fastir tímar voru vikulega í 73% þeirra námskeiða sem þóttu best en í 5% þeirra voru ekki fastir tímar í stundatöflu. Lítið var um vikulega tíma í námskeiðum í leikskólafræði sem þóttu best, en í yfir 80% námskeiða í grunnnámi í grunnskólakennarafræði, íþrótt- og heilsufræði, tómstundafræði og uppeldis- og menntunarfræði. Sjá nánar mynd 64.

Þátttakendum var boðið að skýra nánar helstu kosti í besta námskeiðinu sem þeir tóku. Tæplega 300 stúdentar svöruðu, þar af voru 165 í grunnnámskeiðum og 125 í námskeiðum á meistarastigi.

Í tíu svörum stúdenta í grunnnámi í tómsundafræði kemur fram að góður kennari og góð kennsla hafi skipti mestu máli „Utanumhald kennara, hugsaði vel til nemenda sinna og var alltaf tilbúinn að hlusta og breyta og bæta í takt við aðstæður.“ Einnig kom fram að gott skipulag hefði skipt máli, sem og „samstaða og jákvæðni“.

Átján nemar í grunnnámi í leikskólakennarafræði lýstu nánar besta námskeiðinu, þar af voru fimm staðnemar. Flestir nefndu að gott skipulag hefði verið helsti kostur svo og áhugasamur kennari sem hefði verið fús til að svara spurningum um námið, líðan nemenda og annað. Í tveimur svörum kemur fram að góð uppsetning á Canvas-vef námskeiðsins hafi skipt máli og að kennarinn hafi haft „tæknimálin á hreinu“. Einn fjarnemi lýsir kostum við það fyrirkomulag sem viðhaft var í samkomubanninu.

Mér finnst þessir föstu tímar í viku þar sem allir hittast í gegnum zoom vera mjög gott. Þetta gefur okkur á landsbyggðinni tækifæri á því að taka þátt í tímum og vera í hálfgerðu staðnámi, en hingað til höfum við alltaf neyðst til að vera í fjarnámi. Einnig fannst mér snilld hvernig staðloturnar voru núna í ár út af Covid eða í gegnum sama fjarbúnað. Því fyrir landsbyggðina getur verið mikið vesen að þurfa að fara til Reykjavíkur fyrir sundurslitna og illa skipulagða daga.

Nítján svör bárust frá grunnnemum í uppeldis- og menntunarfræði, þar af voru flestir skráðir í staðnám. Flestir nefndu það helsta kostinn hvað kennarar hefðu verið góðir, tilbúnir að hlusta á nemendur og koma til móts við þá. Gott skipulag var nefnt í fjórum svörum og tveir nefndu sanngjarnt námsmat. Í tveimur svörum er það nefnt sem kostur að hafa getað mætt í tíma á netinu og „að geta haft umræðutíma einnig á netinu eftir kl. 16:00 fyrir okkur sem vinnum í leik-, grunn- og framhaldsskólum“.

Í svörum 22 nema í þroskaþjálfrafræði, nánast jafnmörgum frá fjarnemum og staðnemum, hrósuðu flestir góðu skipulagi þar sem álag dreifðist jafnt og fastir tímar voru vikulega á netinu, svo og góðum kennurum sem voru tillitssamir og skilningsríkir og svöruðu nemendum fljótt og vel. Nefnt var að námsmat sem byggðist á vikulegum litlum verkefnum upp úr námsefni vikunnar hefði verið mjög gott, veitt gott aðhald. Einnig að upptökur hefðu verið vandaðar og hljóðið gott.

Í umsögnum sex nema í kennslufræði fyrir iðnmeistara, sem flestir voru í fjarnámi, kom fram að besta námskeiðið sem þeir tóku hefði verið vel skipulagt og skýr uppsetning á Canvas.

22 stúdentar í íþróttá og heilsufræði lýstu því flestir að góður kennari, jákvætt viðmót og áhugavert efni hefði skipt mestu. En líka kom fram að „alls konar aðferðir voru notaðar til þess að nemendur myndu vinna sjálf, bæði svara og búa til spurningar, kynna verkefni og fleira sem persónulega finnst mér að virki best til þess að fá nemendur til að meðtaka það sem er unnið að í tímanum“.

Yfir 60 grunnskólakennaranemar í B.Ed.-námi svöruðu opinni spurningu um besta námskeiðið. Af þeim voru um 40 skráðir í staðnám. Yfir helmingur svarenda lýsti góðu skipulagi sem helsta kosti besta námskeiðsins „Allt, bæði kennarar, kennsla, námsefni og fleira var allt vel skipulagt.“ Í um 20 svörum var kennara og kennslu hrósað bæði fyrir jákvætt viðmót og góða kennslu „bara frábær kennari með mikinn áhuga á efninu sem hún er að kenna, hún er líka vingjarnleg og sanngjörn“. Nokkrir lýsa góðum anda á fjarfundum og að umræður hafi verið áhugaverðar.

Frá meistaranemum bárust flest svör, eða 50, frá kennaranemum í grunnskólakennslu og meirihluti þeirra var skráður í fjarnám. Í flestum svörum, eða 25, var besta námskeiðinu hrósað fyrir gott skipulag „þar sem verkefna og prófaálag var jafnt og þétt yfir önnina. Til skiptis verkefni eða próf aðra hvora viku og vinnutímar aðra hvora viku þar sem hægt var að kalla á kennara inn í hóp til þess að fá aðstoð“ og „Frá upphafi vissum við nemendur hvernig tímar færu fram (vikulega í gegnum zoom), hvernig verkefni væru, hvernig námið væri metið og gátum skipulagt okkur út frá því.“ Í um 20 svörum kemur fram að kennarar hafi verið áhugasamir og tillitssamir og gert sitt besta við þessar aðstæður. „Þeir beita fjölbreyttum aðferðum og heyra frá okkur nemendum hvað okkur finnst virka og hvað ekki. Það er svo mikilvægt að finna hvað kennarar eru tilbúnir að mæta þörfum nemenda.“ Nokkuð margir hrósuðu góðum kennslustundum á netinu þar sem gott hefði verið að hitt kennara og samnemendur reglulega. „Skapandi kennsluáferðir og töluverð hópavinna nemenda í rauntíma, mikil samvinna og samtal á milli nemenda.“

Ellefu meistaranemar í leikskólakennarafræði lýstu besta námskeiðinu og nefndu flestir ánægju með kennslustundir á netinu. „Það besta var að umræðutímarnir sem var skylda að mæta vikulega í voru í boði utan hefðbundins vinnutíma. Hægt var að velja tíma 17:00-18:30 sem hentar mjög vel því það er algjört vesen að fá að fara úr vinnunni til að fara í tíma.“ En kennurum var einnig hrósað: „Kennari sendir mjög reglulega hvatningu til nemenda, hrósar og hvetur áfram. Fjölbreytt tækni nýtt í samræðum og kennari mikið til staðar utan skipulagðra tíma til að hitta nemendur með fjarfundabúnaði.“

Ellefu meistaranemar í íþrótt- og heilsufræði hrósuðu flestir góðu skipulagi, skýrum markmiðum og raunhæfu námsmati og sögðu að gott hefði verið að það voru „umræðutímar sem var hvetjandi fyrir mann að vera undirbúinn fyrir tímann“.


Svör annarra meistaranema dreifðust á margar námsleiðir og voru í sama dúr og hér að ofan er lýst. Hér eru í lokin tvö dæmi úr umsögunum nema í stjórnun menntastofnana, annað um gott skipulag og hitt um góða kennara.

Gott skipulag, boðið uppá tíma til að hafa samband við kennara, gott aðgengi að námsefni og verkefnum, vel útskýrð og skilgreind verkefni, allt skipulag hefur staðist, tæknimálin verið uppá 10.

Einstaklega frábært viðmót og einlægur áhugi á því að nemendur virkjuðu áhuga sinn og efldu færni sína í viðfangsefninu. Þetta er ekki öllum gefið!


## Versta námskeiðið sem þátttakendur voru í

Þeir þátttakendur sem tóku að minnsta kosti tvö námskeið voru beðnir að svara spurningum um það námskeið sem þeir voru óánægðastir með.



Mynd 65. Einkunn fyrir skipulag á námskeiðum sem þóttu verst.


Í því námskeiði sem þátttakendum þótti verst heppnað var meðaleinkunn fyrir skipulag 6,4. Hún var lægst í grunnnámi í grunnskólakennarafræði, 5,2, en hæst í meistaranámi í leikskólakennarafræði, 7,7. Sjá mynd 65.



Mynd 66. Einkunn fyrir kennslu í námskeiðum sem þóttu verst.


Kennslunni í þessum námskeiðum var gefin einkunnin 6,8 að meðaltali. Lægsta meðaltalið var í grunnnámi í íþróttá- og heilsufræði, 5,9, en það hæsta var 8,5, í meistaranámi í leikskólakennarafræði. Sjá mynd 66.






Mynd 67. Einkunn fyrir notkun á starfrænni tækni á námskeiðum sem þóttu verst.

Fyrir notkun á starfrænni tækni var meðaltalið 7,1. Lægst var meðaleinkunnin í íþróttá- og heilsufræði, 5,8, en hæst í meistaránámi í leikskólakennarafræði, 8,4. Sjá mynd 67.




Mynd 68. Einkunn fyrir námsmat á námskeiðum sem þóttu verst.

Námsmat í verstu námskeiðunum að mati þátttakenda var með meðaltalið 6,8. Lægst var það í grunnnámi í grunnskólakennarafræði, 6,0, en hæst 8,2, í meistaránámi í leikskólakennarafræði. Sjá mynd 68.




Mynd 69. Einkunn fyrir námskeiðið í heild sinni – námskeið sem þóttu verst.

Þegar þátttakendur voru síðan beðnir að gefa versta námskeiðinu einkunn í heild sinni var hún 6,8 að meðaltali. Lægst var hún 5,9, í grunnnámi í grunnskólakennarafræði og íþróttá- og heilsufræði, en hæst 8,3, í meistaranámi í leikskólakennarafræði. Sjá mynd 69.




Mynd 70. Notkun á upptökum sem gerðar voru fyrir fram á námskeiðum sem þóttu verst.

Upptökur sem gerðar voru fyrir fram voru notaðar í 59% þeirra námskeiða sem þóttu verst. Á sumum námsleiðum, til að mynda í þroskaþjálfarafræði og í meistaranámi í leikskólakennarafræði, voru slíkar upptökur notaðar í 74% tilfella en í minna en helmingi námskeiða í íþróttá- og heilsufræði og meistaranámi í grunnskólakennarafræði eftir B.Ed.-gráðu. Sjá mynd 70.




Mynd 71. Notkun á kennslu með útsendingum í rauntíma á námskeiðum sem þóttu verst.

Kennsla með útsendingum í rauntíma var notuð í 41% námskeiða sem þóttu verst. Mest var þetta notað í tómstundafræði (49%) en minnst í þroskaþjálfarafræði (19%). Sjá mynd 71.




Mynd 72. Notkun á upptökum af kennslu í rauntíma á neti eða í kennslustofu á námskeiðum sem þóttu verst.

Upptökur af kennslu í rauntíma voru notaðar í 23% þeirra námskeiða sem þátttakendur voru óánægðastir með. Þær voru mest notaðar í grunnnámi í leikskólakennarafræði (36%) og meistaránámi í grunnskólakennarafræði eftir B.Ed. (37%). Minnst voru þær notaðar í þroskaþjálfarafræði, aðeins í 11% námskeiða. Sjá mynd 72.




Mynd 73. Notkun á fjarfundum á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður og hópvinna á námskeiðum sem þóttu verst.

Fjarfundir voru notaðir í 55% námskeiðanna sem þóttu verst. Mest var um þá hjá meistaránemum í leikskólakennaranámi, 78%, en minnst í íþrótt- og heilsufræði, 38%. Sjá mynd 73.



Mynd 74. Notkun á kennslustundum í skólabyggingu eða útikennslu í námskeiðum sem þóttu verst.

Í 18% námskeiðanna var boðið upp á kennslu í skólabyggingu eða útikennslu. Slíkt var algengast, 31%, í grunn- og meistaránámi í fimm ára samfelldu kennaranámi en minnst var um þetta í meistaránámi í leikskólakennarafræði, 4%. Sjá mynd 74.



Mynd 75. Fastir tímar í stundatöflu í námskeiðinu sem stúdentar töldu verst.

Fastir tímar voru vikulega í stundatöflu í 59% tilfella í þeim námskeiðum sem þátttakendur voru óánægðastir með. Í 16% tilfella voru aldrei fastir tímar í stundatöflu. Hlutföllin voru nokkuð ólík eftir námsleiðum enda skipulag námsins mismunandi. Í grunnnámi var minnst um fasta vikulega tíma í stundatöflu í proskapjálfafræði, 36%, og íþróttta- og heilsufræði, 43%, en algengast var að fastir vikulegir tímar væru í grunnskólakennarafræði. Um fjórðungur grunnnema í íþróttta- og heilsufræði og meistaranámi í grunnskólakennarafræði eftir BA eða BS og 43% þroskaþjálfanema sögðu að aldrei hefðu verið fastir tímar í stundatöflu í þeim námskeiðum sem þeir voru óánægðastir með. Sjá mynd 75.

Rúmlega 330 stúdentar lögðu mat á versta námskeiðið í opinni spurningu, þar af tæplega 200 í grunnnámi og rúmlega 130 meistaranemar.

## Grunnnemar

Í svörum frá tólf nemum í tómstundafræði, sem flestir voru skráðir staðnemar, kom fram óánægja með neikvætt viðhorf kennara: „upplifði ég viðhorf kennara þannig að honum myndist við nemendur hafa það mjög gott í fjarnámi, geta horft á fyrirlestra þegar okkur hentar og þurfa ekki að mæta í skólann. Staðreyndin er bara sú að fjarnám hentar ekki öllum og hundleiðinlegt að heyra kennara tala svona, eykur á kvíða og vanlíðan.“ Einnig var kvartað yfir óskipulagi og tilbreytingarleysi í kennslufyrirkomulagi.

Nítján grunnemar í leikskólakennarafræði svöruðu, þar af meirihluti fjarnemar. Flestar kvartanir snerust um lélegt skipulag og að Canvas-vefur námskeiða hefði verið illa upp settur. Nokkrir nefndu að vikulegar kennslustundir á netinu hefðu ekki tekist vel og stundum fallið niður eða tæknivandræði hefðu truflað. Kvartað var yfir að kennarar hefðu verið ósamstíga og ekki svarað spurningum og að endurgjöf fyrir verkefni hefði komið seint og verið ófullnægjandi.

Svör bárust frá 24 nemum í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði, þar af voru níu fjarnemar. Flestir, eða átta, gerðu athugasemdir við kennslustundir á netinu sem hefðu ekki verið gagnlegar, t.d. þegar „nemendur áttu að ræða saman í smærri hópum. Oft gekk það illa ef meirihluti hópsins hafði ekki lesið og þá var mjög tilgangslaust að mæta.“ Fjórir sögðu að námsmat hefði verið ósanngjarnt og skort fjölbreytni og aðrir fjórir kvörtuðu yfir óskýru skipulagi og að „nemendur vissu ekki til hvers var ætlast af þeim fyrir hvern tíma“. Þrír kvörtuðu yfir því að hafa ekki fengið upptökur eða að þær hefðu verið lélegar og nefnt var að kennarar hefðu verið óaðgengilegir og ekki svarað tölvupóstum.

30 þroskaþjálfanemar lýstu versta námskeiðinu og af þeim voru 18 fjarnemar. Flestir, eða 12 nemar, lýstu óánægju með slæmt skipulag, óskýr skilaboð og ósamræmi á milli námskeiða. Sjö gerðu athugasemdir um kennslustundir á netinu, þar af kvörtuðu þrír yfir því að ekki hefðu verið neindir fastir tímar á netinu, einn sagðist ekki þola Zoom-fundi og einn fjarnemi sagði að fjarnemar hefðu ekki komist í reglulegar kennslustundir á netinu (væntanlega vegna þess að þeir voru á vinnutíma og margir fjarnemar vinna með námi). Í átta svörum var lýst óánægju vegna mikils álags og kvartað yfir of mörgum verkefnum sem stundum „voru ekki sett í kennsluáætlun heldur var þeim bætt við á miðri önn og verkefnalýsingar komu oft seint“.

25 stúdentar í grunnnámi í íþróttá- og heilsufræði svöruðu til um versta námskeiðið, allt staðnemar. Meira en helmingur svarenda sagði að kennslu hefði verið ábótavant svo og viðmóti kennara: „Gamaldags kennsluáðferðir, miklar skammir frá kennara í verkefnaskilum, nemendur sendir út á land til þess að klára verkefni þegar það var óæskilegt [vegna sóttvarnareglna] í stað þess að veita frest eða undanþágu og mikið vesen á fjarkennslu.“ Fjórir nefndu að tæknivandamál og tæknileg vankunnátta kennara hefði truflað og þrír kvörtuðu yfir námsmati. „Nám, próf og verkefni ekki í samræmi við kennslu kennaranna og ósanngjarnt námsmat.“ Þrír sögðu að viðkomandi námskeið hefði verið of erfitt til að taka það í fjarnámi.

Langflest svör, eða 66, komu frá kennaranemum í B.Ed. í grunnskólakennarafræði, þar af voru 48 frá staðnemunum. Flest svör, 34, lýstu slæmu skipulagi sem hefði t.d. komið fram á Canvas-vef námskeiðsins: „Þú þarft að skrolla upp og niður inná námsefnisflípanum á Canvas til að finna allt sem þú þarft til að vinna verkefni.“ Næstflest svör, 23, lýstu kennurum og kennslu sem olli því að námskeiðið var það versta. Nokkuð margir nefndu að kennarar hefðu verið í vandræðum með tæknina sem þurfti til að kenna á netinu: „Kennari var með 0% áhuga á að kenna í gegnum netið og vildi ekki til að byrja með kenna á zoom eða neitaði í nokkrum tölvupóstum að gera svo.“ En líka var kvartað yfir skipulagsleysi og skorti á endurgjöf fyrir verkefni: „Hún er með ekkert skipulag, engin endurgjöf frá henni á verkefnum og höfum ekki enn fengið einkunnir.“ Einn fjarnemi kvartaði yfir því að fjarnemum hefði verið verr sinnt en þeim sem voru skráðir í staðnám. „Fjarnemar fá enga aðstoð eða skipulag. Hunsar okkur og skilar ekki einkunnum á réttum tíma, höfum ekki fengið eina einkunn frá henni úr verkefnum né prófi! Hefur vikulega tíma fyrir þessa 'staðnema'“ Einnig var kvartað yfir gæðum kennslunnar: „Engin umræða um námsefnið, lélegir fyrirlestrar“ og „Fyrirlestrar komu seint inn, léleg gæði í hljóði og tækni.“

Í 20 svörum var kvartað yfir námsmati og of miklu álagi í námskeiðinu. Fjarnemi sagði: „Alltof mörg verkefni og erfitt að ráða við þau undir þessum kringumstæðum með Covid og

alltof mikið af hópverkefnum sem er einnig erfitt að kljást við þegar maður getur ekki hitt fólkið.“ Fram kom óánægja með staðpróf og að námsmat hefði ekki verið í samræmi við kennslu. „Ekki sátt með að lokaprófið verði staðpróf, það ýtir undir mikinn kvíða og óöryggi þar sem ég á fjölskyldumeðlimi í áhættuhópi.“

Í nokkrum svörum var kvartað yfir kennslustundum á netinu. Fjarnemi sagði: „Aðeins þeir sem eru skráðir í staðnám máttu mæta í staðtímana. Fjarnemum hefur verið boðið á fund 3x yfir önnina til að hafa samband við kennara.“ Kvartað var yfir því að kennslustundirnar á netinu hefðu verið ómarkvissar og skipulag óljóst.

Samkvæmt stundatöflu eru tímar vikulega en það hefur verið frekar óljóst hvort þeir falla niður eða ekki. Einnig eigum við að mæta í tímana undirbúin og þá búin að hlusta á fyrirlestur af netinu en oftast en ekki komu fyrirlestrarnir inn á kennsluvefinn um miðja nótt, nóttina fyrir kennslu. Þá var aukaálag að vakna fyrr á fimmtudögum og athuga hvort það væri kominn nýr fyrirlestur inn og þá reyna að horfa á hann á tvöföldum hraða áður en tími hefst.

## Meistaraneimar

Flestir svör meistaraneima sem lýstu helstu göllum versta námskeiðsins voru frá kennaranemum í grunnskólakennaranámi, eða tæplega 60 svör, og meiri hluti var skráður í fjarnám. Umkvörtunarefnin snertu flest skipulagsleysi, lélega kennslu, fyrirkomulag námsmats og of mikið álag og dreifðust svörin jafnt á þessa þætti, rúmlega 20 svör um hvern þessara þátta. Dæmi úr svörum:

Enginn sveigjanleiki. Skilafrestum var stanslaust breytt. Verkefnalýsingar oftast óskýrar. Við vitum oft ekki til hvers er ætlast af okkur. Verkefnalýsingar komu seint inn, breytingar á skiladögum og mikið fram og til baka hringl með verkefni.

Varðandi kennara og kennslu var kvartað yfir því að kennarar hefðu verið seinir með endurgjöf og lengi að svara tölvupósti, jafnvel að þeir hefðu sýnt nemum hroka. Einnig var ónóg kennsla umkvörtunarefni og það að kennsluhættir hefðu ekki tekið mið af ástandinu þar sem t.d. hópvinna hefði verið erfið.

Mikil hópavinna í heimsfaraldri er afar erfið, algjör forsendubrestur, eins og tólmstundir barna, fjölskyldu og vinnu hjá öllum og nógu erfitt er að sinna náminu, hvað þá að þurfa að samræma og skipuleggja samstarf við 3 - 5 manneskjur sem allar eru í jafn erfiðum aðstæðum. Nógu erfitt er að standa skil á náminu fyrir mig sjálfa, hvað þá að þurfa að standast væntingar hópfélaga.

Í yfir 20 svörum var lýst of miklu álagi bæði í lesefni og verkefnavinnu og í svari frá fjarnema kom fram að þeim hefði fundist að álagið væri meira á þá sem voru skráðir í fjarnám og gátu þá oft ekki mætt í kennslustundir á hefðbundnum tíma þar sem þeir voru uppteknir við kennslu eða aðra vinnu.

Mikið álag á fjarnema. Fjarnemar þurfa alltaf að vinna aukaverkefni ef þeir mæta ekki í tíma. Sem þeir að sjálfsögðu geta ekki. Við erum samt fullorðið fólk í

háskólanámi og á það að vera á okkar ábyrgð hvort og hvenær við hlustum á fyrirlestra og lesum lesefnið. Við eigum ekki að þurfa að gera meira bara af því við erum í fjarnámi.

Svör annarra meistaranema dreifðust á hinar fjölmörgu námsleiðir, flest voru frá nemum í meistaranámi í íþrótt og heilsufræði, ellefu, en færri en 10 af öðrum námsleiðum. Umkvörtunarefnin frá meistaranemum almennt eru áþekk þeim sem lýst er hér að ofan. Hér koma þrjú dæmi. Fyrst frá nema í uppeldis- og menntunarfræði:

Námsmat var ekki í takt við það óvissuástand sem við búum við í dag. Auk þess var námskeiðið aðeins kennt á rauntíma og einstaklingar misstu af ef þeir mættu ekki. Finnst lítið tillit tekið til þeirra sem mögulega eru í sóttkví/einangrun með börn og hefði viljað nálgast upptökurnar á netinu. Prófið er síðan ekki í prófatöflu og þarf hver nemandi að mæta í Stakkahlíð í munnlegt próf - finnst það galið miðað við ástandið í heiminum í dag.


Og frá leikskólakennaranema:

Það versta er að þurfa að mæta í zoom-tíma á vinnutíma (voru u.þ.b. mánaðarlega kl. 10:30). Hef ekki haft svigrúm til að skreppa úr vinnunni og það er algjört vesen.

Og loks skrifar meistaranemi í foreldrafræðslu:

Allt of langir tímar!!! 4 klst. er of langt á zoom. Oft nýttist tíminn heldur ekki vel. Ég skil að hugmyndin sé að hafa frekar hópavinnu og kynningar heldur en beina kennslu en það eru a) allir farnir að sækja í leikskóla og b) búnir að missa einbeitinguna eftir 4 klst. á zoom.


### Mat stúdenta á náminu almennt



Mynd 76. Hversu sáttur er þátttakandi almennt við þær starfrænu lausnir sem voru notaðar?




Almennt voru 84% þátttakenda mjög eða frekar sátt við þær stafrænu lausnir sem notaðar voru í náminu. Lægst er hlutfall sátttra í grunnnámi í leikskólakennarafræði, 73%, og tómsundafræði, 75%. Sjá mynd 76.




Mynd 77. Eftir reynslu af fjarnámi á tímum COVID-19, hvort ertu líklegri eða ólíklegri til að velja fjarnám?

Um 40% þátttakenda sögðust vera miklu eða frekar líklegri til að velja fjarnám eftir reynsluna af því í COVID-19. Á öllum námsleiðum voru yfir 40% líklegri til þess, nema í grunnnámi í tómsundafræði, 12%, og íþrótt- og heilsufræði, 19%. Sjá mynd 77.




Mynd 78. Ánægja með námið í heild sinni.

Ríflega tveir þriðju hlutar þátttakenda voru mjög ánægðir eða ánægðir með námið. Þetta hlutfall var lægst í meistaranámi í grunnskólakennarafræði en þar var ríflega helmingur mjög ánægður eða ánægður. Í grunnnámi voru hlutfallslega fæstir mjög ánægðir eða ánægðir í tómstundafræði, 59%, en hlutfallslega flestir í grunnskólakennarafræði, 75%. Sjá mynd 78.




Mynd 79. Ánægja með kennsluna.

Svipað hlutfall var ánægt með kennsluna og námið í heild sinni. Minnst var ánægjan í meistaranámi í grunnskólakennarafræði eftir BA- eða BS-próf en mest í meistaranámi í leikskólakennarafræði. Sjá mynd 79.




Mynd 80. Ánægja með samskipti við samnemendur.

Ánægja var með samskipti við samnemendur hjá 62% þátttakenda. Minnst var ánægjan í uppeldis- og menntunarfræði og þroskaþjálfrafræði, þar sem um helmingur var ánægður með samskiptin, en mest var ánægjan í íþrótt- og heilsufræði, 67%. Sjá mynd 80.




Mynd 81. Ánægja með samskipti við kennara.

Um 65% voru ánægð með samskipti við kennara en svör voru nokkuð mismunandi eftir námsleiðum. Til að mynda var innan við helmingur ánægður í grunnnámi í leikskólakennarafræði, þar sem hlutfallið var lægst, en 70% í grunnnámi í grunnskólakennarafræði, þar sem það var hæst. Sjá mynd 81.




Mynd 82. Ánægja með upplýsingar um námið.

Ríflega helmingur þátttakenda var ánægður með upplýsingar um námið. Minnst var ánægjan með upplýsingar um námið í grunnnámi í leikskólakennarafræði en mest í meistaranámi í sömu fræði. Sjá mynd 82.




Mynd 83. Ánægja með námsmatíð.

Tæp 60% þátttakenda voru mjög eða frekar ánægð með námsmat. Minnst var ánægjan með þetta atriði í meistaranámi í grunnskólakennarafræði eftir BA- eða BS-gráðu, 46%, og í grunnnámi í tómstundafræði, 47%, en mest var ánægjan í grunnnámi í þroskaþjálfarafræði, 67%.



Mynd 84. Hversu vel háskólinn hafi almennt brugðist við aðstæðum vegna COVID-19.

Um þremur af hverjum fjórum þátttakendum fannst háskólinn hafa almennt brugðist mjög eða frekar vel við aðstæðum vegna COVID-19. Lægst var hlutfallið í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði, 54%, en hæst, 85%, í meistaranámi í grunnskólakennarafræði eftir B.Ed.-gráðu. Sjá nánar mynd 84.



Mynd 85. Var námið haustið 2020 betra eða verri en fyrra háskólanám?

Um fjórðungi þátttakenda fannst námið haustið 2020 hafa verið betra en það háskólanám sem þeir höfðu stundað áður. Nokkur munur var eftir hópum, t.d. fannst engum grunnema í tómstundafræði að námið hefði verið betra og aðeins 13% grunnema í íþrótt- og heilsufræði. Í hópi grunnema í leikskólakennarafræði fannst 40% að námið hefði verið betra og 44% stúdenta í meistaranámi í leikskólakennarafræði.

## Almennar athugasemdir í lok könnunar

Í lok könnunar var opin spurning þar sem þátttakendum var boðið að koma á framfæri almennum athugasemdum um það hvernig háskólinn og kennarar hefðu brugðist við breyttum aðstæðum á tímum farsóttarinnar. Alls svöruðu um 180 nemar þeirri spurningu.

### Grunnemar

Alls svöruðu 90 grunnemar, flestir í grunnskólakennaranámi, um 40, 13 leikskólakennaranemar og um 10 nemar á hverri af hinum námsleiðunum, þ.e. tómstundafræði, uppeldis- og menntunarfræði, þroskaþjálfarafræði og íþrótt- og heilsufræði.

Meirihluti kennaranema í grunnnámi í grunnskólakennarafræði var staðnemar, eða 26 af 39. Almennt voru svör hópanna áþekkt en fjarnemar svöruðu þó stundum út frá sérstöðu sinni sem fjarnema, t.d. að fjarnemar hefðu ekki getað mætt í netkennslustundir í rauntíma vegna vinnu, eins og hefur komið fram áður. Raunar hefur flest af því sem kemur fram í þessum svörum komið fram áður, en nokkuð margir nefna óánægju með lokapróf í skólahúsnæði og óska eftir heimaprófi eða símati í stað lokaprófa. Í nokkrum svörum kemur fram að óvissa

hafi haft áhrif á geðheilsu stúdenta og aukið kvíða og að haustmisserið 2020 hafi verið erfiðara en vormisserið.

Lítið tekið tillit til, eins og var gert í vor, að álag sé á nemendum vegna covid og gerðar meiri kröfur en minni hvað varðar námið. Á vorönninni var meira tekið tillit til þess að öll fjölskyldan er meira heima og því minni tími til að læra í friði.

Sem nemandi í staðnámi þá voru of margar hindranir vegna COVID-19, breytt náms- og vinnufyrirkomulag og í einkalífni, til þess að geta klárað 30 einingar (er fallinn í 10 eininga áfanga vegna tímaskorts og námskvíða).

En svo er kennurum líka hrósað.

Eiga gott hrós skilið fyrir að vera duglegir að koma til móts við nemendur, finnst eins og kennarar sýni því skilning að breyttar aðstæður hafi áhrif á einstaklinga.

Og sumum fjarnemum fannst kennsla og fyrirkomulag hafa verið betra en áður.

Þegar ég byrjaði í náminu valdi ég fjarnám þar sem að ég er í fullri vinnu og hef ekki efni á því að fara í staðnám. Covid og breyttar aðstæður hafa eflt fjarnámið enn betur og kemur sér því vel fyrir mig og því auðveldara fyrir mig að sinna vinnunni og skólanum þar sem að allt efni er skipulega sett fram á netinu og ég get unnið flest á mínum eigin tíma.

Í svörum leikskólakennaranema tóku nokkrir undir þetta, en þeir lýstu því líka að ástandið hafði valdið kvíða.

Mér finnst í raun að skólinn hafi brugðist nemendum sínum, sérstaklega þeim nemendum sem glíma við kvíða. Óvissa er helsti óvinur kvíðasjúklings og það var mikið um óvissu allan tímann. Loforð um tillitsemi við nemendur sem gætu átt erfitt á þessum skrítnu tímum, loforð sem heyrðust í fjölmiðlum og í netpóstum frá rektor og fleirum innan Háskóla Íslands, voru ekki efnd að mínu mati.

Aðrir lýstu ánægju með viðbrögð háskólans.

Mér finnst háskólinn hafa brugðist rétt við, það var ekki annað í stöðunni, kennarar voru fljótir að læra á zoom og tileinkuðu sér nýja kennsluhætti mjög vel. Heilt yfir er ég mjög ánægð en á sama tíma er þetta gríðarlega erfitt og hlakka ég mikið til að komast vonandi aftur í skólann fljótlega.

Svör grunnema á öðrum námsleiðum voru áþekk og margt hefur þegar komið fram í mati á besta og versta námskeiðinu. Stúdent í uppeldis- og menntunarfræði benti á að mikilvægt væri „að styrkja nemendahópinn til að kynnast, ég hef talað við nákvæmlega 6 manneskjur á netinu í gegnum hópavinnu og ekki hitt neinn síðan í fyrstu staðlotunni“. Og stúdent í tómsundafræði fannst að „sviðin mættu samræma sig svo það sé jafnrétti á milli nemenda í skólanum öllum, ekki bara innan sviða“. Fram kom ósk um að reynsla af framkvæmd fjarkennslu skilaði sér í framtíðinni.

Almennt séð eiga kennarar stórt hrós skilið fyrir störf sín á líðandi önn og opnar þetta vonandi á þá möguleika að þeir nemendur sem búa úti á landi eða erlendis geti stundað námið án þess að mæta í staðlotur því það er svo sannarlega hægt eins og þessi önn hefur gefið til kynna. Með því að hafa staðlotur sem val þá minnkar það álag til muna hjá þeim sem þurfa að ferðast vegna þess, þar sem ferðakostnaður getur verið mikill og skipulagið sem fer í kringum það að fara frá fjölskyldu á staðlotu tíma.

Proskapjálfanemi óskaði eftir samskiptavettvangi fyrir nemendur en hrósaði því síðan almennt hvernig fjarkennslan gekk.

Ég vil bara koma því á framfæri að mér finnst kennarar í þroskajálfafræði standa sig reglulega vel við fjarkennsluna og líklega er það vegna þess að það er svo löng hefð í fjarkennslu þar. Mér finnst Canvas líka frábært forrit, ég er virkilega ánægð með það og hvernig kennararnir skipuleggja upplýsingar þar inni.

Nemi í íþrótt- og heilsufræði gerði athugasemd við fyrirkomulag verklegra kennslustunda.

Mér finnst að það hefði átt að hætta við að hafa alla verklega tíma á haustönn og setja inn aðra bóklega tíma í staðinn. Síðan þegar ástandið er orðið betra að taka þá bara fleiri verklega tíma á þeirri önn því við værum búinn að klára aðra bóklega.

## **Meistaraneimar**

Frá meistaraneimum voru flest svör frá kennaraneimum í grunnskólakennarafræði, um 40 svör, en svör meistaraneima af öðrum námsleiðum voru færri en 10 á hverri leið. Flest af því sem fram kemur í svörum hefur áður komið fram í svörum um besta og versta námskeiðið, þar sem ýmist má finna hrós eða umkvartanir. Nemi í grunnskólakennarafræði kom með ábendingu um verklegt nám.

Mér finnst skrytið að verklegir áfangar, með fáum nemendum, voru ekki kenndir á haustönninni þar sem vel hefði verið hægt að fylgja öllum sóttvarnareglum.

Tvö dæmi um svör frá meistaraneimum í grunnskólakennarafræði sem voru ánægðir:

Háskólinn og kennarar hafa að mínu mati almennt brugðist mjög vel við breyttum aðstæðum. Námið hefur orðið miklu erfiðara eftir komu Covid, en mér finnst það ekki hafa verið háskólanum eða kennurunum að kenna. Nám á að gera talsverðar kröfur til manns en vandamálið er að á þessum fordæmalausu tímum virðast allar hindranir vera miklu erfiðari viðureignar en venjulega.

Á tali við aðra nemendur frá HÍ heyrir mér að Menntavísindasvið sé að gera mun betur en aðrar deildir. Þar sem fjölbreytni kennsluaðferða er höfð að leiðarljósi og ekki er áhersla á staðpróf í desember sem ég er svo þakklát fyrir. Vonandi geta aðrar deildir tekið ykkur til fyrirmyndar.

Flestir meistaranemar í grunnskólakennarafræði eru fjarnemar en gert er ráð fyrir að kennaranemar séu í hálfri launaðri kennslustöðu á síðasta árinu og margir eru í kennslu allan tímann með meistaranámi sínu. Einn þeirra svarar svo:

Frá upphafi (haust 2017) hef ég stundað fjarnám 30e á Menntavísindasviði og verið í 50% vinnu með, og sýnt virkilega góða frammistöðu í námi. Það er mín upplifun að fjarnám eins og ég þekki það sé að líða undir lok með þessum heimsfaraldri og komin er krafa um að nemendur mæti á rauntíma á netinu sem er að aukast. Án þess þó að slík yfirlýsing hafi verið gefin út. Frá mínum bæjardyrum séð þarf þetta að vera mjög skýrt frá upphafi, hvort sé verið að bjóða uppá fjarnám þar sem nemendur sinna náminu á tímum sem þeim hentar eða rauntímanám, hvort sem það fer fram fjar eða stað, það er mikill munur á þessu og það er algjörlega ólíðandi að það sé ekki skýrt alveg í byrjun þegar námskeiðin eru valin.

Annar í þessari stöðu segir:

Í vor fengum við mun meiri slaka í covid. Núna á þessari önn hefur ekki verið neinn slaki. Þessi önn hefur verið erfiðari ef eitthvað er. Mín upplifun er reyndar sú að þetta hefur verið versta önn sem ég hef upplifað í mínu háskólanámi og er þetta sjöunda önnin í röð. Skipulag hefur ekki verið gott hjá kennurum, verkefni ekki aðlöguð vegna covid og margt fleira sem hefur haft áhrif. Kannski var heldur ekki góð hugmynd að skipta yfir í Canvas í miðju covid. Kennarar hafa átt í miklu basli með að læra á það. Ég fæ stundum þessa upplifun að kennarar eru að kenna kennurum að vera kennarar og finnst það ekkert alltaf ganga neitt rosalega vel, svona miðað við skipulag á námskeiðum. Ég held að minn skólastjóri væri búinn að reka mig ef ég myndi bjóða upp á þetta skipulag sem er í boði hjá Háskólanum.

Svo heyrðust líka jákvæðari raddir:

Heilt yfir þá hefur fjarnámið orðið mun betra og ég vonast til að háskólinn haldi áfram að bæta það. Það er nauðsynlegt fyrir marga og þá sérstaklega fyrir þá sem ekki búa á höfuðborgarsvæðinu.

Meistaraneimi í stjórnun menntastofnana lét í ljós ósk um að þessi reynsla á tímum COVID-19 myndi verða til þess að hætt yrði að gera kröfu um mætingaskyldu í staðlotur.

Ég bý úti á landi og átti að mæta í staðlotur og mér fannst fyrirkomulagið á staðlotum ganga mjög vel og vona í framhaldinu að nemar í meistaranámi geti valið hvort þeir mæti í staðlotur eða ekki. Finnst að það eigi ekki að skylda nema í mastersnámi til að mæta í skólahúsnæðið.

Hjá meistaranema í sérkennslu og skóla margbreytileikans kom fram ósk um að tekið væri meira tillit til eldri nema.

Í stöðunni hefði mátt nýta tæknina mun meira til að lofa nemendum að hittast og ræða saman. Við sem eldri erum kunnum ekki að búa sjálf til slíka möguleika. Það að vera skyldaður til samvinnu án þess að hafa möguleika á að hitta og sjá



samnemendur var óþægilegt, einkum með tilliti til þess að finna samstarfsfélaga. Í haust fór gríðarlegur tími og orka í að komast inn í vefumhverfið og hefði þurft miklu meiri aðstoð við það við eldri nýnema.

Meistaraneimi í foreldrafræðslu setti fram gagnlegar ábendingar

Það þarf meiri upplýsingagjöf til nýnema. Þar sem ekki er verið að hanga á staðnum og rekast á samnemendur og kennara eða skoða plaköt þá er nánast engin upplýsingagjöf til nýnema á minni námsleið. Engin nýnemakynning eða neitt þannig. Mikill skortur. Einnig þarf að brýna fyrir kennurum að zoom tímar eru ekki endurgerð á staðtímum. Þeir VERÐA að vera öðruvísi. Styttri, sjaldnar ... einnig þarf að taka tillit til nemenda. Það geta ekki allir nemendur verið með myndavél á allan tímann, annaðhvort eiga þau ekki þannig græjur eða tölvur eða netið er hægt eða eru með börn í kringum sig sem eiga ekki að þurfa að vera í mynd.

Að lokum um jákvæða viðhorfsbreytingu kennara í kjölfar reynslunnar:

Áður fyrr voru kennarar oft misánægðir með að vera að kenna fjarnemum. En eftir síðastliðna önn (vorönn 2020) þegar kennarar einfaldlega þurftu að nýta sér tæknina fannst mér þeir hafa tekið stórt skref fram á við og þeir eru farnir að sjá kostina við fjarnámið og fjarnemana líka og möguleikana sem fjarnám býður upp á fyrir marga nemendur.